


Fjarðaálsfréttir





Þetta blað uppfyllir strangar umhverfiskröfur norræna umhverfismerkisins Svansins. Til að uppfylla skilyrði Svansins þarf prentgripur að vera prentaður á umhverfissvottaðan pappír sem unninn er úr nytjaskógum. Við prentun eru notaðir jurtaprentlitir og umhverfissvæn hreinsiefni. Halda þarf nákvæmt grænt bókhald yfir alla þætti prentferilsins og allur úrgangur sem myndast við framleiðslu prentaðrar vöru skal endurunninn eða komið til ábyrgðar förgunar.

Útgefandi: Alcoa Fjarðaál

Ábyrgðarmaður og ritstjóri:

Dagmar Ýr Stefánsdóttir

Vinnsla efnis: Anna Heiða Pálsdóttir, Dagmar Ýr Stefánsdóttir og Hilmar Sigurbjörnsson.

Umbrot og hönnun: Brandenburg

Ljósmyndir: Hilmar Sigurbjörnsson o.fl.

Forsíðuljósmynd: Hilmar Sigurbjörnsson

Á forsíðu: Einar Þorsteinsson

Prentun: Héraðsprint

EFNISYFIRLIT

04 Leiðari – Gleðilega hátíð!

05 Ný tækifæri

06 Vill vera leiðsögumaður starfsfólksins

13 Bókaormur Fjarðaáls

14 „Skortur á húsnæði stendur Austfjörðum fyrir þrifum“

20 Piparkökuhúsin gerð heima í ár

22 Fjölbreytileikanum fagnað hjá Alcoa Fjarðaáli

24 Ofurbakari og leiðtogi í kerskála

26 Alcoa Fjarðaál hlýtur eftirsóknarverða ASI-vottun

28 Afmælisfögnuður hjá Alcoa

30 Sigurgeir synti í níu klukkustundir til að styrkja samtökin Einstök börn

32 Mannauðurinn er lykillinn að góðum árangri

34 Nýi E-Tron GT frá Audi skartar byltingakenndri nýsköpun frá Alcoa

35 Ásgrímur Sigurðsson valinn í fagráð hjá HR

36 Markmið þurfa að vera raunhæf og sértæk

38 Fjórða iðnbyltingin hefur hafið innreið sína hjá Fjarðaáli

40 Konur í verk- og tækniþæðni

43 Fjarðaál stóð fyrir fundum um jafnréttismál fyrir starfsmenn

44 Farfuglarnir hjá Fjarðaáli

46 Breytt lýsing bætir starfsumhverfið hjá Fjarðaáli

48 Alcoa Fjarðaál styrkir hvataverkefni til að efla háskólamenntun á Austurlandi

50 Sjötíu og fimm ára þróunarsaga áljeppa

GLEÐILEGA HÁTÍÐ!



Kæri lesandi

Hér hefur þú í höndum nýjasta eintak Fjarðaálsfrétta sem koma nú aftur út eftir að hafa tekið sér sóttvarnarlé á síðasta ári. Annars hafa Fjarðaálsfréttir verið gefnar út árlega og dreift inn á heimili í nærsamfélagi Alcoa Fjarðaáls frá því að álverið hóf starfsemi.

Í blaðinu kennir ýmissa grasa. Forsíðuviðtalið er við nýráðinn forstjóra Fjarðaáls, Einar Þorsteinsson, sem kemur til okkar frá Elkem á Íslandi en hann hefur komið víða við á lífsleiðinni. Eflaust mun mörgum þykja gaman að lesa um ferðalagið sem hann fór í með bróður sínum í kringum hnöttinn á mótorhjóli. Við ræðum við ýmsa starfsmenn álversins um hugðarefni þeirra og þá er áhugavert viðtal að finna í blaðinu við verktakann Kolbein Guðnason sem bjó í Ástralíu í 30 ár áður en hann flutti til Reyðarfjarðar. Hann byggir nú hús af miklum móð á Reyðarfirði milli þess sem hann viðheldur vélum í skautsmiðjunni.

Þar sem blaðið kemur út í kringum jólin er tilvalið að lesa viðtal við hana Mörtu leiðtoga í kerskála sem er ástríðu bakari og Guðnýju í steypuskálanum sem er algjör lestrarhestur og er bókaormur Fjarðaálsfrétta í ár. Í blaðinu er einnig að finna spurningar sem lagðar voru fyrir starfsmenn á förnum vegi og tengjast hátíðunum. Þar er spurt hvað fólki finnist skemmtilegast við jólin en að mínu mati er það að upplifa rólegheitin á þessum tíma. Það er eins og slakni á öllu og öllum og fólk leyfir sér að vera bara til og njóta lífsins með sínum nánustu.

Í kringum áramótin er tilvalið að byrja að huga að markmiðasetningu fyrir komandi ár og þá er gott að kynna sér viðtalið við Sigrúnu Birnu Björnsdóttur sem gefur lesendum góð ráð í þeim efnum. Á árinu sem er að líða setti undirrituð sér það markmið að hreyfa sig að lágmarki hálf tíma á dag 350 daga ársins. Því markmiði hefur verið náð og gott betur. Hvert verður þitt markmið á nýju ári?

Þá er einnig að finna fullt af tímalausum efni og má lesa um fjárfestingarverkefni sem eru á döfinni hjá Fjarðaáli, áljeppa, nýjan tilgang og framtíðarsýn Alcoa, áherslur fyrirtækisins þegar kemur að málefnum hinsegin fólks, viðtöl við kvenkynsfyrirmyndir í verk- og tæknifræðistörfum og margt fleira.

Fyrir hönd Alcoa Fjarðaáls óska ég ykkur gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári. Ég vona að þið njótið blaðsins.

Með ritstjórnarkveðju,

Dagmar Ýr Stefánsdóttir
yfirmaður samskipta og samfélagsmála

NÝ TÆKIFÆRI Á NÝJU ÁRI

Álver Alcoa Fjarðaáls er stór og lifandi vinnustaður sem aldrei sefur. Saman sköpum við útflutningsverðmæti á öruggan og ábyrgan hátt, allan sólarhringinn, alla daga ársins. Fjarðaál greiðir samkeppnishæf laun og aðbúnaður starfsmanna er til fyrirmyndar. Við viljum líka hafa gaman í vinnunni.

Störfín hjá Fjarðaáli eru afar fjölbreytt og tækifæri til starfsþróunar mikil. Fastráðnir starfsmenn Fjarðaáls eru um 540 og þar að auki starfa um 250 manns á vegum annarra fyrirtækja í álverinu. Nærri tveir af hverjum þremur starfsmönnum Fjarðaáls sinna framleiðslu í kerskála, skautsmiðju eða steypuskála. Iðnaðarmenn eru um 13% starfsmanna og sérfræðingar og stjórnendur 21%.

Teymi eru grunneiningar í skipulagi og stjórnun Fjarðaáls. Við trúum því að samhent teymi ólíkra einstaklinga skili bestum árangri. Við erum alls konar fólk með mismunandi bakgrunn og reynslu. Konur eru um 25% starfsmanna Fjarðaáls og markmiðið er að kynjahlutföll í öllum teyimum verði sem jöfnust. Um 28% starfsmanna eru innan við þrítugt, 49% á aldrinum 30 til 49 ára og 23% eru 50 ára eða eldri.

Við erum ávallt að leita að góðu fólki til að styrkja hópinn. Þú getur kynnt þér málið betur á ráðningarvefnum okkar, www.alcoa.is. Þar er hægt að sækja um laus störf eða leggja inn almenna umsókn og við höfum samband ef starf við hæfi losnar.

Nýtum tækifærin – náum árangri





Einar Þorsteinsson

VILL VERA LEIÐSÖGUMAÐUR STARFSFÓLKSINS

Nýr forstjóri Fjarðaáls.

Einar Þorsteinsson er nýr forstjóri Alcoa Fjarðaáls en hann tekur við af Tor Arne Berg sem hefur sinnt starfinu síðustu tvö ár. Einar er Reykvíkingur en hlakkar til að flytja austur og takast á við nýtt starf. Fjarðaálsfréttir settust niður með nýjum forstjóra til að gefa Austfirðingum innsýn inn í líf hans og störf fram til þessa.

Furðulegt að hefja störf í miðri uppsveiflu COVID-19
Einar hóf störf hjá fyrirtækinu í byrjun desember og fljótlega eftir að hann mætti fyrst á svæðið fjölgaði COVID tilfellum á Austurlandi svo strangar reglur giltu á vinnustaðnum. Fólk sem átti þess kost vann heiman frá og starfsmenn fóru ekki milli svæða innan fyrirtækisins nema nauðsyn krafði. „Já, þetta er merkileg tilfinning að koma núna og kynna nýju fyrirtæki og geta eiginlega ekki hreyft sig og mega helst ekki tala við nokkurn mann nema í gegnum tölvuna,” segir Einar í upphafi viðtalsins (sem fór reyndar fram í gegnum Teams).

Hvaðan kemur þú og hvernig var æska þín? „Þetta er eitt af því erfiðasta sem ég þarf að tala um vegna þess að ég er þekktur fyrir það að muna mjög lítið úr fortíðinni og sumir myndu segja að ég muni meira úr framtíðinni heldur en úr fortíðinni. En það breytir því ekki að ég er að uppleggi eins mikill Reykvíkingur og er hægt að vera! Stundum hef ég eiginlega skammast mín því ég hef sagt „Ég er bara Reyk-víkingur” en staðreyndin er sú að ég get rakið ættir mínar nokkra ættliði aftur í tímann í Reykjavík sem eru reyndar mjög fáir sem geta gert. Það er ekki mjög langt síðan að Reykjavík varð að því sem hún er í dag. Þannig að ég er bara Reykvíkingur, ólst upp í Vesturbænum og var í barnaskóla þar, en síðan gerðist ég Breiðhýltingur, Breiðholtssvillingur, eins og sumir kalla mína kynslóð.“

Brautryðjandi í framhaldsskóla
Eftir barnaskólagöngu, fyrst í Vesturbænum og svo í Breiðholtinu lá leiðin í framhaldsskóla. Einar var í fyrsta árganginum sem hóf nám við Fjölbrautaskólann í Breiðholti 1979 og segist hafa verið þar brautryðjandi ásamt öðrum „villingum” úr Breiðholtinu. „Það var verið að byggja skólann, hann var hálfbyggður þegar við byrjuðum. Við komumst upp með það að sprauta úr brunaslöngunum yfir bekkina og ým-islegt sem ég vil ekki að barnabörnin mín heyri,” viðurkennir Einar en hann segist þó ekki hafa verið mjög óstýrlátur en vissulega dálítið „aktífur” eins og það var kallað í þá daga. „En ég sem sagt var í fyrsta árgangi í Fjölbraut í Breiðholti og tók þar bæði stúdentspróf og sveinspróf í vélvirkjun. Við vorum þar tveir félagar, ég og Jóhannes Pálsson vinur minn sem bjó nú lengi vel hér á Reyðarfirði en býr núna í Danmörku. Við vorum tveir fyrstu Íslendingarnir sem fórum í gegnum þetta nýja kerfi og kláruðum bæði bóknað og iðnnám í sama skólanum. Það var dálítið merkilegt.“

En hvað varð til þess að Einar ákvað að taka hvort tveggja bóknað og iðnnám? „Það er dálítið merkileg saga af því þegar ég var ungur, þá ákvað ég það að mennta sig í bóknaði væri alger vitleysa. En það var allt í lagi að verða iðnaðarmaður. Þannig að ég ætlaði að verða vélvirki, sem ég og er, en að taka eitthvert bóknað, það leist mér ekkert á. En svo kemur þetta nýja kerfi sem þá var og við félagarnir fórum saman í vélvirkjun og gekk mjög vel í bóknaðinu og við vorum bara hvattir til að bæta pínulítið við okkur – þá fengjum við stúdentinn svona í bónus. Og maður lét til leiðast. Ég dúxaði á stúdentsprófinu og fékk meira að segja einhver verðlaun og svona. Ég fékk meira að segja að halda ræðu,” viðurkennir Einar hógvæ.



Eitt af áhugamálum Einars er að ferðast um landið og heiminn á mótörhjólí.

Vinirnir fylgdust að allan námsferilinn

Hvað tók svo við eftir framhaldsskólann? „Við Jói vorum hvattir til þess að halda áfram í tækninám. Þannig að við fórum í tækniskólann sem þá var - ekki núverandi Tækniskóla heldur var sá skóli undanfari þess sem er HR í dag – til að læra tæknifræði og þar þurftum við ekki að taka undirbúningsdeild sem margir iðnaðarmenn gerðu af því að við vorum stúdentar. Stemningin fyrst var „þarna koma Breiðhyltingarnir sem halda að þeir kunni allt.“ Mér leist ekkert á þetta. En niðurstaðan var sú að okkur gekk mjög vel og kláruðum eitt ár í tæknifræði. Þá opnaðist okkur leið til Danmerkur, í háskólann í Álaborg og við fórum þangað og lærðum þar véla-, iðnaðar- og rekstrarverkfræði og kláruðum árið 1985, með meistaragráðu í þessu. Þannig að strákurinn sem ætlaði aldrei að mennta sig endaði sem verkfræðingur með meistaragráðu og hefur starfað sem stjórnandi eftir það.

Einar og Jói vinur hans fylgdust að í námi frá fyrsta ári í FB og þeir gerðu saman lokaverkefnið sitt í verkfræði frá Álaborgarháskóla. En fengu þeir aldrei leið á hvor öðrum að vinna svona náði saman öll þessi ár? „Jú jú, en það varði alltaf mjög stutt. Við erum enn bestu vinir í heimi“, segir Einar.

Einar minnst námstímans í Danmörku með mikilli hlýju. „Þetta var stórkostlegur tími, þessi fjögur ár. Við fluttum út, ég og konan mín. Við kynntumst ung og fluttum út með

okkar elsta barn, dóttur okkar, sem var þriggja ára. Ég lenti í því eins og margir sem hafa lært erlendis að upplifa þetta sem minn besta tíma í lífinu, og svo byrjar maður að lifa lífinu og þá uppgötvar maður að það var allt miklu betra þegar maður var í háskólanum. En að reyna að endurlifa það sama aftur á sama stað, það misheppnast alltaf, því það sem var svo stórkostlegt, það er ekki endilega landið, heldur bundið staðnum sem maður var á í lífinu á þessum tíma. Ég útskrifaðist árið 1985 og enn hugsa ég til þessa tíma sem eins þess besta í lífi mínu.“

Ástin kviknaði í Kerlingarfjöllum

Eiginkona Einars heitir Edda Ellsabet Kjerúlf og þau hittust fyrst snemma á lífsleiðinni: „Edda man eftir þessu en ekki ég- en það var víst svoleiðis að við hittumst fyrst þegar við vorum 5 og 6 ára – hún er árinu eldri en ég. Þess vegna man hún þetta líklega. Foreldrar okkar þekktust á þessum tíma. En við kynntumst í rauninni ekki fyrr en síðar þegar við vorum bæði að vinna í skíðaskólanum í Kerlingarfjöllum. Þar tókum við saman og einn sonur okkar er nefndur eftir einu af fjöllumunum þar, þar sem hann varð til. Hann fæddist hins vegar í Danmörku. Hann heitir Sverrir Fannar Einarsson. Fannar eftir Fannborginni!“

Einar og Edda eiga saman fjögur börn. Elín er elst, svo kemur Sverrir, þá Jónas og yngstur er nafni hans Einar Valur. Það eru 15 ár milli elsta og yngsta barns, sú elsta fædd árið 1978 og yngsta árið 1993. Einar á svo fimm barnabörn

á aldrinum sex til átján ára. Einar segist vera mikill fjölskyldumaður: „Ég held að við segjum það öll að fjölskyldan sé mikilvægust og ég held að með réttu þá sé það svoleiðis. Ég er ekki alltaf viss um að fjölskyldan mín hafi upplifað það þannig, því að þegar ég var ungur, kominn með börn, skuldum vafrinn eftir langtíma háskólanám þá vann ég alveg rosalega mikið og var lítið heima. Það var svona andinn á þessum tíma. En það sem við höfum alltaf gert er að ferðast mikið um Ísland og sérstaklega hálendi Íslands með börnin. Árum saman fórum við hverja einustu helgi eitthvað hvort sem það var vetur, sumar, vor eða haust. Skíðamennska, það er að segja að vinna við skíði og skíðamennsku var stór hluti af okkar lífi líka. Við unnum mikið í gegnum tíðina hjónin, bæði í Kerlingarfjöllum og Bláfjöllum.“ Einar á ekki langt að sækja skíðaáhugann. Faðir hans var kallaður Bláfjallakóngurinn en hann rak skíðasvæðið í Bláfjöllum í fjörutíu ár.

Eiginkona Einars ber ættarnafnið Kjerúlf sem er vel þekkt á Austurlandi og á ættir að rekja hingað. „Hún er komin af Kjerúlfunum sem að komu frá Danmörku og „námu land“ á Íslandi hér fyrir austan og afi hennar ólst upp hér uppi á Héraði“, segir Einar. „Hann flutti síðan í Reykholt í Borgarfirði og bjó þar til æviloka.“ Einar segir að hún sé spennt að flytja austur og rækta frændgarðinn hér.

„Það er til ráð við öllu nema ráðaleysi“

Þegar Einar er spurður út í helstu áskoranir sem hafa mætt honum á lífsleiðinni segist hann snemma hafa lært það að afa sínum að mæta þeim af æðruleysi. Afí hans kenndi honum þá fleygu setningu að það væri til ráð við öllu nema ráðaleysi. Því segir Einar að ef það er til lausn á vandamáli – er það þá í raun og veru vandamál? Hann segir að áskoranir hafi vissulega verið nokkrar á lífsleiðinni en honum hafi samt aldrei fundist lífið vera erfitt: „Ætli það stærsta sem ég hef þurft að takast á við í mínu lífi hafi ekki verið þegar ég

greindist með blöðruhálskirtilskrabbamein fyrir tveimur árum síðan eins og margir menn á mínum aldri lenda í!“

Einar segir að sem betur fer hafi þetta krabbamein uppgötvast vegna þess að það leiddi til þess að í honum fannst annað krabbamein sem var duldara og var í nýra. Hann tókst því á við tvenns konar krabbamein og segist hafa endurmetið líf sitt eftir þessa reynslu sem vissulega tók á. „Þetta leiddi til þess að ég fór að velta fyrir mér hvað ég vildi fá út úr lífinu. Ég stóð á tímamótum í starfi þar sem ég gat ekki haldið áfram að sinna starfi á heimsvísu fyrir Elkem meðan ég stóð í krabbameinsmeðferðunum.“

Einar hóf störf hjá Elkem árið 2008 og var forstjóri hjá fyrirtækinu í sex ár en fór þá að starfa fyrir félagið á alþjóðlegum vettvangi. Hann bjó í Kína í þrjú ár og var svo að vinna fyrir fyrirtækið í Frakklandi. Einmitt þegar Einar stóð á tímamótum og var að takast á við krabbameinsmeðferð var hann beðinn um að taka aftur að sér verksmiðjustjórastöðuna hjá fyrirtækinu hér á Íslandi tímabundið. „En ég fann að ég hafði ekki mikla orku og fór að velta fyrir mér tilgangi lífsins. Ég uppgötvaði að mig langaði að gera eitthvað fleira en að vinna og skellti mér aftur á skólabekk, fór í Leiðsögumannaskólann en það kallaði mikið á mig eftir að hafa verið búinn að ferðast mikið um landið árum saman með vini og vandamenn.“

Einar lauk náminu síðasta sumar og var farinn að vinna við það að fara með ferðamenn í ferðir um landið þegar aftur varð kúvending í lífi hans.

Komið víða við í íslensku atvinnulífi

Einar segir að það hafi verið einhver löngun sem togaði hressilega í hann þegar upp kom sú hugmynd að hann tæki við stjórnntaumunum hjá Fjarðaáli. Hann hélt að hann hefði





Við Chandelier trjáögöngin í Kaliforníu.

sett forstjóraskóna á hilluna en fann að það höfðaði sterkt til hans að koma og takast á við verkefnin sem fylgja því að leiða jafn stórt fyrirtæki og Fjarðaál er. „Ég er að vona að ég geti nýtt eitthvað af þekkingunni sem ég fékk í Leiðsögumannaskólanum inn í forstjórastarfið. Ég vil gjarnan líta svo á að ég verði frekar leiðsögumaður í fyrirtækinu en stjóri.“

Einar fékkst við eitt og annað áður en hann hóf störf í stóriðjunni. „Þegar ég kláraði námið í verkfærðinni byrjaði ég hjá stofnun sem hét Landssamband iðnaðarmanna og átti að vera ráðgjafi iðnaðarmanna sem voru á aldrinum milli fimmtugs og sjötugs. Það kom í ljós að 26 ára gamall verkfræðingur sem taldi sig vita eitt og annað – honum gekk ekkert mjög vel að ná sambandi við þessa gömlu járka“, rifjar Einar upp kíminn.

Einar fór yfir til Marel og svo til Plastprents þar sem hann var verksmiðju- og framleiðslustjóri. Um tíma var Einar framkvæmdastjóri rekstrarsviðs hjá Samskipum en stofnaði svo Íslandspóst út úr Póst og síma og var fyrsti forstjóri þess fyrirtækis. Hann var starfandi hjá prentsmiðjunni Odda þegar starf forstjóra Íslenska Járnbendi-félagsins, sem í dag heitir Elkem Ísland, var auglýst og það heillaði hann. „Ég fékk starfið en ástæðan var sú að Elkem var að leita að utanaðkomandi stjórnanda til að takast á við áskoranir sem fyrirtækið stóð frammi fyrir á



Einar ásamt Sverri bróður sínum á ferð kringum hnöttinn.

þeim tíma. Ég vissi nánast ekki hvað stóriðja var þegar ég byrjaði en ég get stoltur sagt að þegar ég yfirgaf skipið var fyrirtækið komið á góðan stað.“

Hálendið fyrir austan heillar

Einari líst vel á að vera að flytja austur. Hann hefur bæði búið í Sjanghæ í Kína og í Lyon í Frakklandi, er Reykvíkingur í grunninn og finnst kominn tími á að gerast landsbyggðarmaður. „Mér finnst svæðið hérna fyrir austan stórkostlegt. Hálendið hérna í kringum okkur heillar mig gríðarlega og ég hef haft of líttinn tíma til að sinna fjallamenskunni upp á síðkastið. Þá finnst mér frábært að hafa skíðasvæði svona nálægt mér og horfi með löngunaraugum á ljósin hérna upp í Oddskarði en ég hef náttúrulega verið í skíðamenskun alla ævi.“

En Einar á sér fleiri áhugamál og eitt þeirra er mótorhjól. Hvers vegna skyldu mótorhjól heilla Einar svo mikið? „Mótorhjólin gefa mér frelsi. Ég get að mörgu leiti líkt því við að vera að vinna í stóriðju þar sem undirliggjandi áhætta er töluvert mikil. Maður þarf að hegða sér af skynsemi, hafa allar varnir í lagi, hafa hugsunina í lagi og þjálfun í lagi en þá fær maður í staðinn ákveðið frelsi. Ég er búinn að vera í mótorhjólum síðan ég var unglingur. En núna á ég ekki nema fjögur mótorhjól“, segir Einar og gæti nú mörgum þótt það nokkur fjöldi en ekki á hans mælikvarða.

Leggur mikið upp úr frumkvæði

Einar er að taka við starfi forstjóra Fjarðaáls og því ekki úr vegi að spyrja á hvað hann leggi áherslu sem stjórnandi og hvernig nýja starfið leggist í hann? „Það sem ég legg áherslu á í starfi mínu er að vera leiðtogi eða leiðsögumaður starfsmanna fyrirtækisins. Ég legg áherslu á samstarf, samheldni og að allir viti hvert er verið að stefna til að við náum árangri í því sem við erum að gera. Við þurfum að hafa forgangsroðunina á hreinu, skilja hvað skiptir mestu máli.“ Einari þykir miður að geta ekki verið búinn að fara meira um verksmiðjuna síðan hann kom til starfa en þar hefur COVID sett strik í reikninginn.

Þá á Einar einnig eftir að fara í gegnum nýliðafraeðslu Fjarðaáls en hann tekur námskeið líkt og allir nýir starfsmenn í janúar. „Ég hefði getað sagt að ég sé með mikla reynslu úr stóriðjunni og þurfi ekki á þessum námskeiðum að halda en raunin er sú að ég þekki ekki þennan vinnustað og ég þarf að hafa grunninn minn í lagi eins og allir aðrir starfsmenn Fjarðaáls.“

Einar segir að eitt besta holldræð sem hann geti gefið starfsmönnum sé þetta: „Besta leiðin til að stjórna því sem þú ert að gera er að hafa frumkvæði í þeim verkum sem þú ert að vinna. Ekki gera neitt sem er óeðlilegt en sýndu frumkvæði og komdu hugmyndum þínum á framfæri því þá getur þú haft óendanleg áhrif.“

Einar setur markið hátt og stefnir á að Fjarðaál verði innan skamms tíma besta verksmiðjan í Alcoa fjölskyldunni og starfsmenn Fjarðaáls hlakka sannarlega til að taka þátt í þeirri vegferð með honum.



Kampakátur með jólasveini í Ekvador.

Spurning augnabliksins

HVORT FINNST ÞÉR SKEMMTI- LEGRA Á JÓLUM EÐA ÁRAMÓTUM?



Jón Magnús Eypórs-son, kerfisstjóri
Á áramótunum, þá er minna um hefðir og allt frjálslegra.



Nanna Kristín Sigurðardóttir, framleiðslustarfsmaður kerskála
Á áramótum, þá er meiri stemning og skemmtilegra, gaman að vera líka með vinunum þá.



Elías Jónsson, stjórniðjútæknir í kerskála
Það fer bara eftir því hvort ég er að vinna á jólnum eða áramótunum hvort er skemmtilegra.



Edda Elísabet Egilsdóttir, yfirmaður launateymis
Á áramótunum af því að þau marka upphafið á einhverju nýju og skemmtilegu sem er fram undan.



Einar Hafþór Heiðars-son, umsjónamaður verkataka
Ég held ég verði að segja á jólnum. Það er svo kósí samverustund okkar fjölskyldunnar á aðfangadagskvöld en við búum á Dalatanga og erum oft innilokuð á þessum tíma.



Unnur Þórleifsdóttir, verkfræðingur í álframleiðslu
Bæði betra – það er svo gaman að upplifa þessar hátíðir í gegnum börnin sín sem eru náttúrulega í aðalhlutverki á þessum tíma.



Jóhann Björn Sigurgeirsson, framleiðslustarfsmaður í kerskála
Allan daginn á jólnum. Þá er notalegri stemning og áramótin eru eitthvað sem ég gæti alveg sleppt.



Vilborg Konný Björgvinsdóttir, starfsmaður Fjarðaþrifa
Ég er meira jólabarn. Ég á afmæli á aðfangadag og það spilar mikið inni.

Guðný Þóra Guðrúnardóttir

BÓKAORMUR FJARÐAÁLS

Bókaormurinn Guðný Þóra, framleiðslustarfsmaður í steypuskála, fjallar um bækurnar í lífi sínu.

Það er orðin hefð hér í Fjarðaálsfréttum að ræða við einn bókaorm í hverju blaði enda mjög viðeigandi svona yfir hátíðirnar þegar flestir hafa fengið alla vega eina jólabók til að njóta. Bókaormurinn að þessu sinni er Guðný Þóra Guðrúnardóttir sem er framleiðslustarfsmaður í steypuskála. Hún hóf fyrst störf hjá Fjarðaáli árið 2018 sem sumarstarfsmaður og var svo íhlaupastarfsmaður um veturinn. Eftir sumarið 2019 byrjaði hún svo í fullu starfi hjá fyrirtækinu. Guðný er í sambúð með Sigurjóni Andrési Jónassyni og á hann soninn Diðrik Nóa. Þá eiga þau Guðný og Sigurjón saman hundinn Emmu.

Lestu mikið?

Já ég les mikið, hef alltaf gert það, það er eitthvað heillandi við að grípa góða bók og fara á vit ævintýra eða á framandi slóðir í stofunni heima.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er að lesa *Skjáskot* eftir Berg Ebba, hann er að velta upp ýmsum liðnum vandamálum, eða kannski áhyggjuefnum sem voru tengd tækninni og fléttar það saman við vandamál nútímans. Ég er komin aðeins á veg með hana og er hrifin af nálgun hans á efnið og hvernig hann kemur þessu frá sér á kíminn máta án þess þó að gera grín að efninu.

Hver er síðasta bók sem þú last?

Síðasta bók sem ég kláraði var *A Dirty Job* eftir Christopher Moore. Hún fjallar um mann sem sér manninn með ljáinn á dánarbeði konunar sinnar og fær úthlutað því að verða einn af útsendum hans á meðan hann elur upp kornunga dóttur þeirra. Sagan er um hvernig hann fetar jafnvægið þar á milli.

Hver er uppáhalds bókin þín?

Úff, þetta er nú eins og að gera upp á milli barnanna sinna! En ætli uppáhalds bókin mín sé ekki *Hobbitinn* eftir Tolkien. Hún er í uppáhaldi þar sem hægt er að grípa í hana hvenær sem er og umsvífalaust vera á meðal gamalkunna vina.



Hver var uppáhalds bókin þín þegar þú varst barn?

Selur kemur í heimsókn.

Hvaða bók er efst á óskalistanum þessi jólin?

Út að drepa Túrista eftir Þórarinn Leifsson og *Jóðl* eftir Braga Valdimar Skúlason.



Kolbeinn Guðnason

„SKORTUR Á HÚSNÆÐI STENDUR AUSTFJÖRÐUM FYRIR ÞRIFUM“

Kolbeinn Guðnason leggur sitt á vogarskálarnar til að bæta út því.

Kolbeinn Guðnason hefur starfað sem sjálfstæður verktaki fyrir Fjarðaál frá upphafsdögum verksmiðjunnar árið 2007. Hann hefur mjög sértæka þekkingu á glussakerfum og sér til þess að slík kerfi gangi eins og klukka í álverinu. Á sínum tíma flutti hann til Reyðarfjarðar eftir 30 ára dvöl í Ástralíu. Hingað kom hann til að taka þátt í verkefni sem átti bara að taka nokkrar vikur en hefur nú staðið yfir í um 15 ár. Kolbeinn er ekki af baki dottinn og hefur bætt við sig verkefnum, því hann er að byggja tvö þriggja íbúða raðhús á Reyðarfirði. Markmið hans er að bjóða sanngjarnt fermetraverð en það lítur hann á sem sitt framlag til samfélagsins.

Fór til Ástralíu eftir árekstur við ástina

„Ég kom hérna fyrst í júlí 2007 á vegum Kempe sem sá um að smíða mikið af vélunum í skautsmiðjunni“, segir Kolbeinn. „Mitt hlutverk var að keyra vélarnar upp en ég er sérfræðingur í glussakerfum. Þegar ég var búinn að klára verkefnið á vegum Kempe bað Alcoa mig um að vera áfram. Það voru alls konar byrjunarvandamál sem þurfti að takast á við og skortur á reynslu í stóriðju.“ Slíkri reynslu bjó hann yfir eftir að hafa rekið í mörg ár fyrirtæki í Ástralíu sem þjónustaði álver, námuvinnslu og sjávarútveg þar í landi. Kolbeinn hafði meðal annars unnið fyrir álver Alcoa í Portland í Ástralíu en þar bjó hann lengi.

Kolbeinn var búinn að búa í Ástralíu í þrjá áratugi áður en hann kom aftur heim til Íslands. Hvað dró hann þangað? „Ég kynntist ungri ástralskri konu, Jan, sem var að vinna hér á landi. Nokkrum dögum áður en hún átti að yfirgefa Ísland, lentum við saman í umferðaróhappi, framanákeyrslu í Ártúnsbrekkunni. Það sló svona saman hjá okkur og Jan ákvað að fresta förinni heim um nokkrar vikur. Ári seinna giftum við okkur og fluttum saman til Ástralíu.“ Þetta var árið 1982

og þegar þau fluttu út var efnahagsástandið erfitt þar í landi, lítið um vinnu og erfitt fyrir ungt fólk að koma fótunum undir sig. Þau ákváðu því að snúa aftur til Íslands, bjuggu fyrst í Reykjavík og síðan í Þorlákshöfn.

Elsti sonurinn „Made in Hong Kong“

Um tíu mánuðum eftir komuna aftur til Íslands eignuðust ungu hjónin sitt fyrsta barn og Kolbeinn segir að það sé oft gert grín að því í fjölskyldunni að strákurinn sé „Made in Hong Kong“ en þar komu þau við á leið sinni frá Ástralíu til Íslands. Þau eignuðust svo annan dreng á meðan Íslandsdvölinni stóð en fluttu aftur með drengina til Ástralíu árið 1987. Fyrst dvöldu þau í Melbourne þar sem fjölskylda Jan bjó en stuttu síðar færðu þau sig yfir til Portland í Viktoríufylki sem er mikil iðnaðarborg og þar rekur Alcoa álver.

„Ég fór þá að vinna hjá útgerðarfyrirtæki sem var með togbátaútgerð og var þar á verkstæði hjá þeim en fór á sjó þegar á þurfti að halda. Ég fékk svo það verkefni að sjá um byggingu á tveimur togbátum sem þau voru að smíða. Það var mikill skortur á vélstjórnarþekkinu á þessu svæði og allt mjög frumstætt.“ Kolbeinn er menntaður vélstjóri og bætti seinna við sig því sem kallast díselvélvirki. Þekking hans var mjög eftirsótt og hann segir að það hafi verið mjög gott fyrir unga fjölskylda að hafa endalausa vinnu og geta þannig komið sér vel fyrir.

Hvernig líkaði Íslendingi að búa í Ástralíu? „Það voru heilmikil viðbrigði. Mig vantaði alveg þekkingu á menningunni og þarna var notað mikið slangur yfir ýmsa hluti sem ég kunni ekki. Ég var fljótlega gerður að verkstjóra yfir verkstæðinu og síðan útgerðarstjóra í fyrirtækinu sem ég var að vinna hjá það var svolítið hlegið að tungumálakunnátt-



Útsýnið af pallinum við heimili Kolbeins í Tasmaníu.

unni. En það voru á þessum tíma komnar faxvélar og ég gat nýtt mér þær til að teikna myndir af hlutum og spyrja „hvað heitir þetta?“

Þurfti aldrei að heyja í nautin

Kolbeinn segir að samfélagið í Ástralíu sé mjög fjölbreytt: „Það býr fólk af 180 þjóðernum í landinu og íbúarnir eru vanir nýjum Áströllum. Það var tekið mjög vel á móti mér. Ef maður sýndi vilja til að læra þeirra hætti og tungumálið voru allir rosalega hjálplegir. Eitt sem Ástalir eru harðir á er að það er bara töluð enska milli fólks. Þótt tveir Íslendingar hittist þá fara þeir ekki að tala íslensku sín á milli ef fleira fólk er í hópnum sem ekki skilur, þeir eru alveg harðir á því.



Kolbeinn í skautsmiðjunni ásamt vinnufélaga sínum Guðmundi Pálssyni.

En það er að mörgu leyti gott því það rekur nýbúa í að fara að tala málið.“

Þegar Kolbeinn og Jan fluttu til Ástralíu lögðu þau af stað með nokkra bankatékka, tvær ferðatöskur og tvö börn. Það var allt sem þau áttu þegar þau lentu í Melbourne. En fljótlega keyptu þau sér hús í Portland sem þau skiptu síðan út fyrir litla jörð. Þriðja barnið bættist við, dóttir en hún og Jan voru miklar hestakonur og því hentaði þeim vel að vera aðeins fyrir utan bæinn þar sem hægt var að halda hesta og þá átti Kolbeinn nokkra nautgripi líka. „Ég var að hjálpa bændunum þarna í kring að gera við traktorana og svona og greiðslan var oft einn eða tveir mjólkurkálfar. Ef mér tókst að halda lífinu í þeim í sex vikur þá var eftirleikurinn auðveldur, það þurfti bara vatn og þarna er endalaust gras – það þurfti aldrei að heyja ofan í þá.“

Saknar félagslyndra Ástrala

Kolbeinn segir að það hafi staðið upp úr hjá sér þegar hann bjó í Ástralíu hvað samfélagið var frjálslýnt og vinalegt. „Það var mjög algengt að það hringdi einhver kl. 11 á sunnudagsmorgni og spurði hvort ætti ekki að halda grillveislu. Þá var bara hoppað út í búð og eitthvað keypt á grillið ásamt kippu af bjór. Svo hittust tvær eða þrjár fjölskyldur í einhverjum garðinum og allir komu með sitt á grillið. Ég sakna þessa lífsstíls mikið. Íslendingar eru lokaðri heldur en Ástralar. Þeir eru rosalega mikið fyrir að stoppa og spjalla, bæði úti á götu og í verslunum.“

Kolbeinn segir jólin í Ástralíu nokkuð frábrugðin því sem við eigum að venjast hér á landi enda fara þau fram um hásumar. „Jólin eru haldin á stuttbuxum og hlýrabol og mikið



Kolbeinn að störfum í álverinu.



Á snákaveiðum í Ástralíu með sonum sínum.

partýstand í kringum þau. Í grundvallaratriðum eru þó sömu hlutir og hér, eins og jólatré og pakkar – en það er borðað úti við sundlaugina. Maturinn sem er borðaður er nokkuð ólíkur, meira sjávarfang og léttur matur. Það passar ekki vel að belgja sig út af steikum í 35 stiga hita og slíku og hoppa svo beint í sundlaugina.“

Kolbeinn rifjar upp skemmtilega sögu frá jólinum þegar þau bjuggu í Portland og strákarnir þeirra voru um það bil að hætta að trúá á jólasveininn svo Kolbeinn ákvað að reyna að sannfæra þá aðeins um annað: „Ég fór út og sótti nokkrar hrúgur af hrossaskít og kom fyrir í garðinum við húsið og stráði svo vel af glimmeri yfir. Þetta átti sem sagt að vera úr hreindýrum jólasveinsins en piltarnir féllu ekki fyrir þessu og fannst þabbi sinn vera voðalega vitlaus að reyna þetta.“

Börnin hans Kolbeins, sem öll eru uppkomin, búa í dag í Ástralíu og hann segist halda smá jól með þeim gegnum tölvuna og hittir þau á Zoom. Þau hafa öll heimsótt hann hingað til lands og synir hans hafa báðir búið hjá honum um tíma og unnið hér.

Stóð á tímamótum og kom heim

Kolbeinn og fjölskylda hans fluttu síðan til Tasmaníu og ráku þar fyrirtæki sem þjónustaði sjávarútveginn. En það varð mikil breyting á högum fjölskyldunnar þegar fótunum var hálfpartinn kippt undan rekstri fyrirtækis þeirra þegar ríkisstjórnin gerði breytingar á veiðileyfum og eignarhaldi þeirra. Á sama tíma var mikil uppsveifla í olíuiðnaðinum og námugreftri þannig að þau fluttu sig um set og fóru að þjónusta þann iðnað. Sú vinna kallaði á mikil ferðalög þegar það var verið að þjónusta stórar námur í eyðimörkinni. „Vegna glussaþekkingar minnar gátum við fært okkur yfir í annan ramma og fórum að þjónusta fyrst og fremst stóriðjuna. Ein stærsta náma í heiminum heitir Olympic Dam og hún er inni í landi, um 550 km í norðvestur frá borginni Adelaide. Ég vann mikið við námuna með teymi af mönnum með mér. En það var ekki auðvelt, þarna vill enginn búa enda í miðri eyðimörk og ekkert nema rauður sandur. Ég flaug á staðinn, vann í tvær vikur og flaug svo aftur heim í eina viku.“

Kolbeinn var orðinn leiður á þessu fyrirkomulagi og þá bauðst honum tækifærið að koma til Íslands á vegum Kempe eins og að ofan greinir. Hann var á tímamótum í lífi sínu, stóð í skilnaði og ákvað að slá til. Ungir menn sem Kolbeinn hafði í vinnu tóku við að reka fyrirtæki hans í Ástralíu og keyptu hann svo smám saman út.

Sestur að á Reyðarfirði

Kolbeinn hafði aldrei komið til Reyðarfjarðar áður og lítið séð af Austfjörðum nema þegar hann landaði hér loðnu sem ungur maður á sjó. En hér hefur hann nú sest að, hvernig stendur á því að hann ílengdist? „Ég hitti hér konu sem lagði fyrir mig gildru sem ég datt beint ofan í“, segir Kolbeinn kíminn. „Mér leist mjög vel á mig hérna fyrir austan, feiknaþalegt og næg vinna fyrir menn er eru svolítið ofvirkir. Ég er búinn að búa í stórborgum og lífa viðburðarríku lífi og fannst kominn tími í nýjan og rólegri kafla. Ég er sveitastrákur úr Ólfusi að upplagi og kann vel við mig hér í rólegheitunum.“



Kolbeinn við húsið sitt sem er byggt svo það þurfi lágmarks viðhald.

Nýju raðhúsin sem Kolbeinn er að byggja á Reyðarfirði.

Vinna Kolbeins í álverinu er að mestu bundin við skautsmiðjuna en hann kom um tíma við á farartækjaverkstæðinu til að aðstoða við áskoranir sem tekist var á við þar. Þá hefur hann umsjón með vökvakerfum í verksmiðjunni allri. Kolbeinn fór í endurmenntun til Ástralíu árið 2010 og var nokkra mánuði á sjó þar í kringum það en kom svo aftur til starfa í álverinu. „Minn tími hjá álverinu hefur verið mjög ánægjulegur, þetta er stundum erfitt en aldrei leiðinlegt. Fyrir svona vélakarl eins og mig þá er maður þarna í himnaríki á hverjum degi.“

Kolbeinn viðurkennir þó að stundum hafi hann og vinnufélagarnir mætt miklum áskorunum. Hann rifjar upp eina sögu frá því á gamlársdag fyrir nokkrum árum: „Þá kviknaði í hellistöðinni hjá okkur og ég var búinn að vera að frá því klukkan fjögur um nóttina. Ég kom heim sjö mínútur í miðnætti, opnaði mér einn bjór en sofnaði í sófanum og missti af áramótunum! Ég var orðinn ansi lúinn þá.“

Það sem Kolbeini finnst standa upp úr eftir öll árin í skautsmiðjunni er að búið sé að ná stöðugleika á starfsemi þar. „Skautsmiðjan er stórt viðhaldssvæði, alveg frá löndunarkrananum í hreinsivirkið, allur súrálslutningur og svo skautmiðjan sjálf. Það er mjög ánægjulegt að sjá hvað við erum búin að ná góðum tókum á þessum rekstri, við erum ekki að lenda í því að það hrynji búnaður vegna vankunnáttu.“

Byggir hús á Reyðarfirði

Þrátt fyrir að það hafi í fyrstu ekki staðið til hjá Kolbeini að setjast að á Reyðarfirði eru hann og konan hans, Sólveig Stefánsdóttir, búin að byggja einbýlishús sem var fyrsta húsið sem var byggt á Reyðarfirði í 10 ár. „Mér finnst rosalega gaman að byggja og skapa. Ég vil byggja eitthvað sem er vandað og fallegt. Það hefur alltaf verið hobbý hjá mér að byggja, hvort sem það er kofi fyrir börnin út í skógi eða heilt hús. Nýja húsið er byggt með framtíðina að leiðarljósi, það er nánast alveg viðhaldsfrítt og enginn garður til að slá. Svo erum við í miðjum bænum og konan getur labbað í vinnuna.“

En Kolbeinn lét sér ekki nægja að byggja hús fyrir sig, hann stendur nú í stórum byggingarframkvæmdum. Hvernig kom það til? „Fóstursonur minn, Sigfinnur, keypti íbúð hér

upp á Mel og þegar ég var að hjálpa honum að setja upp gardínur tók ég eftir því út um gluggann að þarna voru tveir ófrágengnir grunnar, fullir af lúpínu. Ég fór að skoða þetta og endaði á að kaupa þessar lóðir til að klára að byggja tvö raðhús sem þarna áttu að standa.“

Endalaus tækifæri á Austurlandi – en húsnæðisskortur

Kolbeinn telur að það sem helst standi Austfjörðum fyrir þrifum sé skortur á húsnæði: „Það vantar mjög mikið húsnæði hérna. Hér eru endalaus tækifæri, ekki síst fyrir ungt fólk því hér eru góðir skólar og leikskólar, mikil atvinna en það vantar húsnæði. Við erum í þeirri stöðu að það er mikið um eldra fólk í einbýlishúsum sem vill minnka við sig en það er ekkert í boði fyrir þau.“

Það styttest í að Kolbeinn afhendi fyrstu íbúðina af sex en það verður um miðjan janúar. Allar íbúðirnar eru seldar, það gerðist mjög fljótt eftir að það fréttist að hann hefði keypt lóðirnar og væri að fara að byggja á þeim. Kolbeinn stefnir á að búið verði að afhenda allar íbúðirnar til nýrra eigenda, fullkláraðar fyrir 1. apríl en þá er liðið ár frá því að framkvæmdir hófust.

Kolbeinn segir mikilvægt að halda vel á spöðunum í svona ævintýri eins og hann stendur í með þessar húsbyggingar. Helst áhættan sé falin í töfum sem séu dýrar og hráefniskostnaði sem getur hækkað án fyrirvara. „Timbur hefur hækkað um 30% síðan ég byrjaði að byggja 1. apríl á þessu ári. Svo er kannski stærsti áhættuþátturinn skortur á iðnaðarmönnum en ég hef verið mjög heppinn að fá fólk í þetta með mér. Það byggir enginn einn maður sex íbúðir á einu ári einn.“

Kominnt með lóðir fyrir sex íbúðir í viðbót
Þegar Kolbeinn er inntur eftir því hvað taki við þegar þessi raðhús verði tilbúna viðurkennir hann að hann sé búinn að tryggja sér lóðir fyrir sex íbúðir til viðbótar. „En það er síðan spurning hvort verður eitthvað eftir á batteríunum þegar ég verð búin að afhenda þessar sem eru í byggingu núna. Þetta er full mikið að taka tvö svona hús í einu, kannski tek ég eitt á næsta ári.“

Kolbeinn leggur áherslu á að halda verðinu niðri og lítur á það sem samfélagsskyldu sína að bjóða upp á húsnæði á viðráðanlegu verði. „Það geta allir byggt hús sem kostar milljón á fermetrann en það er enginn tilbúinn að borga þér fyrir það. Ég er mjög ánægður með hvað það er blandaður hópur sem er að kaupa þessar íbúðir af mér, þetta eru bæði nýir Íslendingar, ungt fólk og gamlgrónir Reyðfirðingar. Fermetrinn hjá okkur kostar 320 þúsund en þetta er samt allt mjög vandað, innréttingar frá Brúnás og uppsogsvarmadælar í öllum íbúðum sem nýta hitann í umhverfinu.“

Kolbeinn segist vera skipulagsfrík og hann fer ekki út í verkefni nema vera búinn að skipuleggja það vel og sjá fyrir sér útkomuna. „Með góðu skipulagi er hægt að halda verðinu niðri og sumir sem eru að kaupa hjá okkur íbúðir eru láglaunafólk og ég er mjög stoltur af því að þetta fólk geti keypt af okkur nýjar íbúðir hér á Reyðarfirði.“

Við þökkum Kolbeini kærlega fyrir spjallið og innlitið í hans viðburðaríka líf og óskum honum velfarnaðar í komandi verkefnum.



Á byggingarsvæðinu, píparinn fórnar höndum yfir verkinu.



PIPARKÖKUHÚSIN GERÐ HEIMA Í ÁR

Lengi hefur ríkt sú hefð hjá Fjarðaáli að starfsmannafélagið Sómi bjóði félagsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra á jólaskemmtun í álverinu í aðdraganda jóla. Þá hafa fjölskyldur mætt í matsalinn til þess að eiga notalega stund saman, skreyta piparkökuhús, fá sér kakó og kökur, spila jólabingó, dansa í kringum jólatré og hitta kampakáta jólasveina sem ævinlega fá far með slökkviliðsbíl á staðinn.

Því miður hefur ekki verið hægt að halda þessa skemmtun síðustu tvö ár vegna heimsfaraldursins og sem sárabót bauð Sómi félagsmönnum sínum að taka piparkökuhús með sér heim til að skreyta með fjölskyldum sínum og eiga þannig skemmtilega fjölskyldustund. Fjarðaalsfréttir báðu starfsmenn um að deila með okkur myndum af piparkökuhúsagerðinni heima og hér má sjá sýnishorn af þeim.



FJÖLBREYTILEIKANUM FAGNAÐ HJÁ ALCOA FJARÐAÁLI

Fyrr á árinu var haldin gleðivika í álverinu með skemmtilegum uppákomum. Framtakið var á vegum Eagle samtaka Fjarðaáls sem Rebekka Rán Egilsdóttir veitir forystu.

Fyrir ekki svo löngu síðan kostaði það mikinn kjark að „koma út úr skápnum“ á vinnustað, þar sem afleiðingarnar gætu verið einelti og jafnvel útskúfun. Alcoa hefur um árabil lagt áherslu á jafnrétti og fagnað fjölbreytileika en í ár hefur verið lögð sérstök áhersla á fræðslu um fjölbreytileika og meðtalningu, það er að allir eru taldir með, óháð kynþætti, uppruna, kynhneigð eða kynsamsömun. Hluti af þessu átaki var sérstök gleðivika dagana 14.-18. júní, sem starfsstöðvar Alcoa um allan heim tóku þátt í en hún verður haldin í júní-mánuði á hverju ári héðan í frá.

Allir eiga skilið jöfn tækifæri

Rebekka Rán Egilsdóttir, öryggisstjóri hjá Fjarðaáli stóð fyrir átakinu í álverinu. Hún segir að gleðivikan hafi gengið út á einhvers konar vitundavakningu í formi sýnileika og fræðslu. „Alcoa er mjög umhugað um að allir séu jafnir og eigi skilið jöfn tækifæri“, segir hún. „Við erum heppin á Íslandi vegna þess hversu langt við erum komin en við þurfum samt að halda áfram þar til það hættir að vera eitthvað tiltökumál hvern einstaklingur ákveður að elska, hvernig einhver lítur út eða af hvaða kyni hann er.“

Gleðivikan hófst á því að regnbogafánam var flaggað fyrir utan skrifstofubygginguna. Síðan var mötuneytið skreytt og boðið var upp á gleðiköku í miðri vikunni. „Við fengum Þórhall Jóhannsson frá samtökunum Hinsegin Austurlandi til þess spjalla við starfsmenn á Teams og svara spurningum. Ég fór einnig út á svæðin með fánann og spjallaði við fólk. Þess má geta að ein vinnustöðin í steypuskálanum hjá okkur er máluð í litum regnbogafánans“, segir Rebekka Rán.

Fræðsla um fjölbreytileika

Umsjónarmenn gleðivikunnar buðu upp á tvenns konar viðburði á Teams. Sá fyrri var á vegum Alcoa um allan heim en hann fólst m.a. í erindi frá transkonunni Bobbi Pickard þar sem hún talaði um áskoranir transfóks og fordóma sem hún upplifir í sínu daglega lífi. Rebekka Rán segir að erindið hafi

verið mjög áhugavert og vakti þátttakendur til umhugsunar um að baráttunni er alls ekki lokið.

Seinna erindið var svo í lok vikunnar en þá kom ofangreindur Þórhallur til þess að segja starfsmönnum frá samtökunum og svara spurningum. „Það var frábært að hlusta á Þórhall og hvað hann var opin, áhugasamur og svaraði á mannamáli“, segir Rebekka Rán. „Þegar ég segi að hann hafi svarað á mannamáli þá meina ég að flestir eru ekki með hlutina 100% á hreinu þegar kemur að baráttu hinseginfólks og margir eru með meðvitaða eða ómeðvitaða fordóma. Það er því mikilvægt að ræða hlutina opið og geta sett sig í spor annarra. Ég er sjálf að læra og get einnig verið mjög kaldhæðin, en kannski er það bara ágætt í þessu hlutverki.“

Tölvuteymið hjá Fjarðaáli fagnar fjölbreytileikanum.



T.f.v. Rebekka Rán Egilsdóttir, öryggisstjóri og formaður Eagle-samtaka Fjarðaáls, Tor Arne Berg, forstjóri Fjarðaáls og Dagmar Ýr Stefánsdóttir, yfirmaður samskipta og samfélagsmála.



Mismunun vegna kynhneigðar, kyns eða útlits er ólíðandi

Aðspurð að því hvers vegna þetta málefni sé henni hugleikið svarar Rebekka Rán: „Því tilhugsunin um það að fólk sé mismunað vegna kynhneigðar, kyns eða útlits er ólíðandi. Ég er að vinna hjá stóru fyrirtæki með allskonar fólk þar sem fjölbreytileikinn er mikilvægur, við viljum að öllum líði vel bæði í vinnunni sem og úti í samfélaginu. Fyrir utan það þá er margt af mínu uppáhaldsfólki samkynhneigt.“

Þess má geta að Rebekka Rán fer fyrir svokölluðum Eagle-samtökum hjá Fjarðaáli. Hún útskýrir um hvað þau snúast: „Eagle er stuðningshópur LGBTQ+ fólks hjá Alcoa á heimsvísu. Markmið Eagle er að vinna stöðugt í því að fagna fjölbreytileikanum, styðja við hinsegin fólk og fræða almenning um málefni tengt hinseginleikanum. Við sem partur af Alcoa samsteypunni erum svo með okkar hóp hér hjá Fjarðaáli og eru nú þegar 50 stuðningsaðilar komnir í þann hóp en við viljum gjarnan fá enn fleiri“, segir Rebekka að lokum.

Helgi Jónsson, sumarstarfsmaður B-vakt steypuskála, við skreytta borðið.

Marta Zielinska

OFURBAKARI OG LEIÐTOGI Í KERSKÁLA

Vaktin hennar Mörtu fær oft að njóta
þessara baksturshæfileika.



Marta Zielinska flutti til Íslands frá Póllandi árið 2007 til þessa að vinna hér á landi. Hún var fyrst í Reykjavík í um þrjá mánuði en flutti svo austur til að vinna hjá Fjarða-þrifum. Þar var hún í eitt ár en gerðist síðan starfsmaður Launafls. Upphaflega ástæðan fyrir komu hennar til Íslands var að vinna sér inn peninga til að geta farið í háskólanám heima í Póllandi en móðir hennar var einstæð fimm barna móðir og hafði því ekki efni á að kosta hana í nám. En það lengdist heldur betur í dvölinni og Marta er búin að koma sér vel fyrir á Stöðvarfirði og ekkert fararsnið á henni. Núna búa líka systir hennar og bróðir hér á svæðinu og móðir hennar dvelur oft hjá henni til að létta undir með henni og passa börnin hennar þegar Marta er á vakt.

Marta flutti sig yfir til Fjarðaáls árið 2011, en hún hefur alltaf starfað í kerskálunum og er á meðal reynslumestu starfsmanna þar. Í dag starfar hún sem leiðtogi D vaktarinnar og er því með 33 starfsmenn á sínum snærum. „Starfið mitt snýst meðal annars um að skipuleggja vaktina,

passa upp á að gæði verka séu í lagi með því að gera úttektir og vera til staðar fyrir fólkið mitt. Það er það sem mér finnst skemmtilegast við starfið – þessi mannlegi þáttur og vera í samskiptum við fólk. Ég vil að starfsmenn geti leitað til mín með hvað sem er, ég er alltaf tilbúin að spjalla“, segir hin síkátta Marta.

Marta er einstæð móðir, en hún á tvö börn, þau Kaju Rún sem er þriggja og hálf árs og Lúkas fimm ára en hann er einhverfur og Marta segir að þurfi mikla athygli. Helsta áhugamál Mörtu þegar hún er í vaktarfrí er bakstur og börnin taka virkan þátt í því áhugamáli. Hún segir að baksturinn sé gæðatími sem hún nýtir með stelpunni sinni sem finnst gaman að stússast með henni í eldhúsinu en strákurinn hennar sjái svo meira um að borða það sem kemur úr ofninum. „Ég erfði þennan bakstursáhuga frá móður minni“, segir Marta og bætir við: „Mamma vann mikið enda einstæð móðir en um helgar voru alltaf til kökur og kex sem mamma bakaði fyrir okkur og við fengum að hjálpa til. Það er svona menning í minni fjölskyldu að baka mikið.“

En hvað finnst Mörtu skemmtilegast að baka? „Ég fæ ekkert mikið út því að baka tertur, mér finnst skemmtilegra að vinna með gerdeig og baka bollur og brauð. Líka það sem ég get dundað mér við eins og Stjörnubrauð sem er mjög fallegt á að líta og ég baka alltaf svoleiðis fyrir jólin.“ Marta segist alltaf baka þegar hún er í vaktarfrí og stundum bakar hún risa skammta fyrir fólk sem pantar hjá henni pólskar kleinur en hún er þekkt fyrir þær. „Þær eru öðruvísi en þessar íslensku“, segir Marta og viðurkennir að hún hafi aldrei prófað að gera þessar íslensku. Marta deilir hér til hliðar uppskrift af þessum kleinum fyrir þá sem vilja spreyta sig heima.

Vaktin hennar Mörtu fær oft að njóta þessara baksturs-hæfileika en hún kemur oft drekkhlaðin kræsingum á



Fyrir jólin 2020 stóð Marta fyrir bakstri á eftirlíkingu kerskála Fjarðaáls úr piparkökum. Samstarfsskonur hennar tóku þátt í verkefninu sem tók samtals um 16 klukkustundir.

vaktina. Svo segist hún oft baka fyrir nágranna og vini á Stöðvarfirði. „Ég kann ekki að baka lítið – þetta verður alltaf eins og fyrir heilan her svo ég dreifi þessu á fólk í kringum mig. Ég borða lítið sjálf af því sem ég baka, mér finnst bara gaman að búa þetta til. Stundum fer ég með baksturinn í fyrirtækin á Stöðvarfirði eins og á verkstæðið eða í búðina til að koma þessu út.“

Marta segir að í upphaldi hjá sér sé bakkelsi sem svipar til kleinuhringja og hún segir það í upphaldi hjá mörgum. „Við verðum stundum samferða á bíl í vinnuna, ég og nágranni minn sem er að vinna á sömu vakt og þegar ég tek þessa hringi með mér þá borðar hann 30 stykki á leiðinni þannig að vaktin er heppin að fá eitthvað“ segir Marta að lokum og hlær.



Pólsku kleinurnar tilbúnar til steikingar.

Pólskar kleinur

400 gr. hveiti
1 egg
5 eggjarauður
Klípa af salti
6 kúfaðar matskeiðar af sýrðum rjóma, skiptir ekki máli hvort það er 10, 18 eða 30%
1 matskeið af borðedik
1 matskeið af flórsykri og meiri flórsykur til að skreyta með í lokin

Setja saman í stóra skál hveiti, salt og sýrðan rjóma. Í annarri skál þarf að hræra saman eggjarauðum, einu eggji og flórsykri þangað til það verður þykkt.

Bæta eggjahrærunni við hveitihræruna og koma saman í deig. Ef deigið er of klístrað þarf að bæta við smá hveiti, hnoða þangað til deigið er mjúkt og ekki klístrað. Fletja það út á borð, má vera frekar þunnt. Skera til eins og íslenskar kleinur, bara stærri.

Steikja í mjög heitri olíu í u.þ.b. 30 sekúndur á hvorri hlið, færa yfir á eldhúspappír og strá svo flórsykri yfir báðu megin þegar þær hafa kólnað.

Fyrstu kleinurnar eru oft aðeins ljósari ef olían er ekki orðin nógu heit. Gott ráð til að kanna hvort olía sé orðin nógu heit er að stinga í hana tannstongli og sjá hvort freyðir meðfram honum, þá ætti olían að vera tilbúin.

ASI-vottun

ALCOA FJARÐAÁL HLÝTUR EFTIRSÓKNARVERÐA ASI-VOTTUN

Alþjóðlega staðlaraðið ASI eru alþjóðleg samtök um umhverfsvæna og ábyrga framleiðslu í áliðnaði.

Í apríl 2021 tilkynnti Alcoa að þrjár starfsstöðvar fyrirtækisins í viðbót hafi hlotið vottun alþjóðlega staðlaráðsins ASI (Aluminium Stewardship Initiative) en það eru alþjóðleg samtök um umhverfsvæna og ábyrga framleiðslu í áliðnaði.

Þær þrjár starfsstöðvar Alcoa sem fengu vottun að þessu sinni eru Alcoa Fjarðaál, Lista álverið í Noregi og San Ciprián súrálsværsmiðjan á Spáni.

Nú hefur Alcoa áunnið sér afkastastuðulsvottun fyrir 13 starfsstöðvar, þar með talið þrjár bauxínámmur, fimm súrálsværsmiðjur, fimm álver og steypuskála.

Staðlaraðið hefur auk þess veitt fleiri starfsstöðvum Alcoa rekjanleikavottun (Chain of Custody) en hún staðfestir rekjanleika ábyrgar framleiðslu, aðfanga og stjórnunar, og því getur fyrirtækið markaðsett vörur með hinni eftirsóttu vottun ASI. Nú nær rekjanleikavottun (CoC) staðlaráðsins

til allra bauxínámma fyrirtækisins í Vestur-Ástralíu og Brasilíu, allra súrálsværsmiðja þess í Vestur-Ástralíu og Alumar súrálsværsmiðjunnar í Brasilíu, ásamt álverum og steypuskálum Alcoa í Mosjøen og Lista (Noregi), Baie-Comeau (Kanada) og Fjarðaáls.

Rekjanleikavottunin (CoC) og viðmiðunarstaðlar ASI veita sjálfstæða staðfestingu og vottun þriðja aðila á rekjanleika ábyrgar framleiðslu, aðfangakeðju og stjórnun fyrirtækja í áliðnaði.

„Eitt af helstu stefnumálum Alcoa er að sækja fram á sjálfbæran hátt, en það felur meðal annars í sér að öðlast og viðhalda efnahags-, þjóðfélags- og umhverfislegum styrkleika og sú vegferð okkar að fá vottun fyrir ábyrga framleiðslu endurspeglar þessa skuldbindingu“, segir Rosa García Pineiro, framkvæmdastjóri sjálfbærnimála hjá Alcoa. „Við óskum starfsmönnum þessara starfsstöðva fyrirtækisins í Evrópu innilega til hamingju með að hafa áunnið sér þessa vottun og ná einstökum árangri í rekstri!“

Fiona Solomon, forstjóri ASI sagði: „Við óskum Alcoa til hamingju með þessa vottun fyrir þrjár starfsstöðvar fyrirtækisins í Evrópu. Þessi nýja vottun, ásamt viðmiðunarstaðli og rekjanleika sem Alcoa hefur þegar áunnið sér á öðrum starfsstöðvum fyrirtækisins fela ekki eingöngu í sér viðurkenningu fyrir aðgerðir fyrirtækisins í þá átt að efla ábyrgan rekstur á öllum starfsstöðvum, heldur stendur hún einnig fyrir fylgni fyrirtækisins við tilgang ASI!“

Kynntu þér betur sjálfbærnimál á síðu Alcoa, www.alcoa.com/sustainability og framboð fyrirtækisins á umhverfsvænum vörum, www.alcoa.com/sustana.



Spurning augnabliksins

HVAÐ FINNST ÞÉR SKEMMTILEGAST VIÐ JÓLIN?



Barði Westin,
rekstrarstjóri
viðhalds

Fjölskyldusamveran
fyrst og fremst og síðan
maturinn og dýrðin sem
fylgir þessu.




**Þórdís Rún
Káradóttir, rafvirki í
rafveitu Fjarðaáls**

Vera með fjölskyldunni.
Við höfum þá hefð að
við förum alltaf saman á
hundasleða á jölunum.




Davíð Þór Magnússon
rekstrarstjóri ker-
skála og kersmiðju

Pakkarnir! Ekki bara að fá
pakka heldur sérstaklega
að gefa pakka, það er
ógeðslega gaman.



**Guðbergur Már Skúla-
son, stjóriðjutækni
í kerskála**

Eyða tíma með fjölskyld-
unni, allir saman í góðu
skapi að opna pakka.



**Harpa Vilbergs-
dóttir, innkaupa-
sérfræðingur**

Samvera með fjölskyld-
unni, matur, kósi, frí, skíði
og bara sérstaklega að
upplifa jólin í gegnum
börnin sín. Þau eru svo
einlæg.




**Jón Óli Benediktsson,
leiðtogi á Miðgarði**

Vera með fjölskyldunni og
fá gott að borða.



**Ragnar Mikael
Sverrisson, leiðtogi
ástandsgreiningar-
teymis**

Mér finnst maturinn
bestur og auðvitað sam-
veran við mitt fólk.



**Snjólaug Erna
Þorvaldsdóttir,
stjóriðjutækni**

Samvera með fjölskyld-
unni og kósiheit.

AFMÆLISFÖGNUMÐUR HJÁ ALCOA

Á tímamótunum var kynnt vinna sem skilgreinir tilgang fyrirtækisins og framtíðarsýn.

Þann 3. nóvember var því fagnað hjá Fjarðaáli að fimm ár eru síðan móðurfélagið, Alcoa Inc., skiptist upp í tvö fyrirtæki og til orðu annars vegar Arconic og hins vegar Alcoa Corporation. Nú starfa um 14.000 manns hjá Alcoa Corporation í tíu löndum. Tímamótunum var fagnað á alþjóðlegum fjarfundi með forstjóra fyrirtækisins, Roy Harvey og öðrum stjórnendum þess þar sem kynnt var vinna sem hefur verið í gangi hjá fyrirtækinu til að skilgreina tilgang þess og framtíðarsýn. Þá var einnig bætt við einu gildi við þau þrjú sem fyrirtækið hefur starfað samkvæmt síðastliðin fimm ár.

Skilgreining á tilgangi Alcoa hverfist um að horfa til framtíðar en um leið fagna þeim stöðum sem fyrirtækið byggir á og minnst þess frumkvöðlastarfs sem átt hefur sér stað hjá fyrirtækinu. Alcoa var eitt fyrsta álfyrirtækið í heiminum þar sem stofnandi þess, Charles Hall, ásamt systur sinni, Juliu fann upp rafgreiningarferlið sem enn er

notað í dag til þess að framleiða ál. Á íslensku hljómar hinn nýi tilgangur Alcoa svo: Nýtum tækifærin til að ná árangri. Í myndbandi sem gefið var út í tilefni af þessari tilkynningu og má finna á Youtube er náðar skýrt hvað býr að baki þessum nýja tilgangi en í því segir:

„Saga okkar hófst á hugmynd um möguleika. Með nýsköpun og atorkusemi komum við á fót nýjum iðnaði og breyttum um leið því hvernig við lifum, byggjum og ferðumst.

Nú þurfum við að feta ótroðnar slóðir og fullkomna framleiðsluferlin. Við erum þó enn drifin áfram af sama kraftinum. Við stöndum fast á þeim grunni sem skilgreinir okkur; heilindi, umhyggja, árangur og hugrekki eru okkar aðalsmerki.

Ásetningur okkar er hafinn yfir allan vafa. Þegar við beislum sköpunarkraftinn sem við búum yfir getum



Aðalheiður Vilbergsdóttir, sem er með lengstan starfsaldur hjá fyrirtækinu, er stolt af nýjum tilgangi fyrirtækisins.

við í sameiningu breytt heiminum. Af því að við breytum hugmyndum í nýsköpun. Hinu ómögulega í raunveruleika. „Hvað ef“ verður „þetta hér“. Við erum Alcoa. Við nýtum tækifærin til að ná árangri.“


Þá snýst framtíðarsýn fyrirtækisins um það að Alcoa láti til sín taka í þeim áskorunum sem heimurinn stendur frammi fyrir og leggi sitt á vogarskálarnar til að stuðla að breyttri heimsmynd og vinna gegn hlýnun jarðar. Framtíðarsýn Alcoa er: Leitum nýrra leiða í áliðnaði með sjálfbæra framtíð að leiðarljósi. Nú þegar hefur fyrirtækið gefið út að það ætla að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2050 og kynnt hafa verið til sögunnar verkefni sem munu eiga stærstan þátt í að ná því markmiði. Þar á meðal er ný tækni sem verið er að þróa í samstarfi við Rio Tinto og kallast Elysis™ en með henni verður framleiðsluferli áls breytt þannig að í því felst engin losun koltvísýrings. Í þessu felast stórkostleg tækifæri.

Í þriðja lagi var á þessum afmælisfundi kynnt til sögunnar nýtt gildi fyrirtækisins. Fyrir störfuðum við eftir gildunum heilindi, árangur og umhyggja og nú bætist hugrekki í hópinn. Í því felst m.a. að fyrirtækið fagni tækifærum til að enduruppgröta eitthvað sem áður hefur verið gert og ögra óbreyttu ástandi.

Mikið var um dýrðir í matsal Fjarðaáls þennan dag, þar sem boðið var upp á veislumat og afmælisköku til að fagna afmælinu. Þá tóku starfsmenn vel í skilaboðin sem komu frá móðurfélaginu og smellt var myndum af nokkrum einstaklingum með nýju einkunnarorðin í forgrunni



Starfsmönnum í kerskála Fjarðaáls leist vel á nýjan tilgang og framtíðarsýn móðurfélagsins.



Boðið var upp á afmælisköku sem Guðrún Margrét sá um að skera niður.

Sigurgeir Svanbergsson

SIGURGEIR SYNTI Í NÍU KLUKKU- STUNDIR TIL AÐ STYRKJA SAMTÖKIN EINSTÖK BÖRN

Sigurgeir framleiðslustarfsmaður í skautsmiðju vann afrek í þágu félagasamtakanna Einstök börn.



Sigurgeir Svanbergsson er 31 árs framleiðslustarfsmaður í skautsmiðju Fjarðaáls og hefur starfað hjá fyrirtækinu síðan í mars 2015. Hann er búsettur á Eskifirði og á sex ára gamla dóttur. Í ágúst tók hann sig til og vann afrek í þágu félagasamtakanna Einstök börn. Viðtöl við Sigurgeir hafa birst í helstu fréttamiðlum en okkur langaði til að heyra í honum hljóðið eftir að þessu góðgerðarverkefni var lokið.

Varð að finna eitthvað ögrandi og krefjandi

Helsta áhugamál Sigurgeirs eru bardagalistir sem hann hefur lagt stund á um árabíl. „Áhugamálin eru eiginlega misjöfn“, segir hann, „en þau snúast yfirleitt um að ögra sjálfum mér á einhvern öfgakenndan hátt. Svo er söngur og hljóðfæraleikur líka stór partur af mér.“ En hvernig datt honum í hug að ráðast í það verkefni að synda tólf kílómetra í góðgerðarskyni? „Ástæðan fyrir þessu byrjaði þannig að ég gat ekki keppt á heimsmeistaramóti í bardagalistum svo ég þurfti að finna mér eitthvað annað ögrandi og krefjandi. Út frá því varð þessi hugmynd. Ég er ekki sundmaður og áskorunin var því skýr!“

Til að byrja með æfði Sigurgeir sig í sundlaug. „Ég reyndi að fara aldrei minna en fjóra kílómetra. Svo færði ég það yfir í sjóinn og setti mér allskonar markmið eins og til dæmis að synda Eskifjörðinn meðfram ströndinni og fleiri svoleiðis markmið.

Gekk ekki áfallalaust fyrir sig

Sundið hófst 31. ágúst á sandströndinni á Kjalarnesi og því lauk í bryggjuhverfinu í Reykjavík rétt eftir miðnætti þann 1. september. Sigurgeir hafði gert tilraun tveimur dögum áður en þá var of mikill öldugangur svo hann varð að snúa við. Þegar sundið var hafið, fór allt samkvæmt áætlan?



Sigurgeir vann ótrúlegt afrek með sundi yfir Kollafjörð.

„Alls ekki! Fylgdarbatúrin minn bilaði svo ég eyddi rúmlega klukkutíma í það að synda fram og til baka og í kringum bátinn á meðan við biðum eftir liðsauka og nýjum fylgdarbat. Ég las líka eitthvað vitlaust í strauma og lenti tvisvar sinnum í því að vera fastur á sama stað í 40 mínútur að synda með öllu sem ég hafði. Seinustu þrjá tímana hélt ég heldur engu niðri og kastaði mikið upp.“

„Sundið tók rétt tæpa níu klukkutíma. Öryggið var tryggt með mjög góðu fólki sem fylgist vel með mér og aðstæðum“, segir Sigurgeir. Hvað skyldi hann hafa hugsað um á meðan hann synti? „Það var mjög margt sem ég hugsaði en ég held að undir lokin hafi ég verið farin að einbeita mér að litlum markmiðum og hugsa um öndun. Sem dæmi um markmiðin hugsaði ég að það væri ekki svo langt í „þennan tanga þarna“. Það er markmiðið einmitt núna, þessi tangi!“


Áheitasöfnun tókst vel

Eins og áður sagði safnaði Sigurgeir áheitum á félagasamtökin Einstök börn. Hvers vegna valdi hann þau? „Einstök börn er frábært félag sem hagnast eingöngu af svona styrktarverkefnum“, segir Sigurgeir. „Ríkið gerir lítið sem ekkert fyrir þetta fólk og mér fannst kjörið að láta gott að mér leiða á erfiðum tímum.“ Þess má geta að enn er hægt að leggja samtökunum lið þar sem söfnun Sigurgeirs stendur enn yfir. Smellið hér til að leggja átaki Sigurgeirs lið.

Vill fá að njóta sársaukans

Hvernig líður Sigurgeiri eftir níu tíma sund í sjónum sem er á þessum árstíma um 12°C, eru einhverjir verkir eða annað að

hrjá hann? „Ég er mjög verkjaður í liðum sérstaklega, alveg frá hálsi og niður. En ég nýt þess samt sem áður. Ég veit að það eru ekki margir sem skilja þessa hugsun en verkurinn er partur af ferðalaginu og hverjum sting fylgir mikið stolt. Þess vegna vil ég engin verkjastillandi lyf eða neitt svo-leiðis. Ég vil fá að njóta sársaukans því ég bjó hann til með stærsta þrekvirki sem mér hefur tekist hingað til.“ Hvað tekur svo við? Er hægt að toppa þetta? „Það er alltaf hægt að toppa sjálfan sig í öllu. Eða ég er allavega sannfærður um það. Ég er með nokkrar hugmyndir í sigtinu sem verið er að skoða og ég tilkynni það þegar að því kemur.“



Sigurgeir var uppgefinn eftir níu klukkutíma í sjónum.

Smári Kristinsson

MANNAUÐURINN ER LYKILLINN AÐ GÓÐUM ÁRANGRI

Smári Kristinsson tók nýverið við stöðu framkvæmdastjóra mannauðsmála en hann er búinn að starfa hjá fyrirtækinu síðan í ársbyrjun 2006.



Smári Kristinsson nýr mannauðsstjóri Fjarðaáls.

Smári Kristinsson tók nýverið við stöðu framkvæmdastjóra mannauðsmála hjá Alcoa Fjarðaáli. Smári er búinn að starfa hjá fyrirtækinu síðan í ársbyrjun 2006 og hefur komið víða við. Hann hóf störf sem ferliseigandi álframleiðslu og tók þátt í að undirbúa ræingu verksmiðjunnar og að þjálfa starfsmenn í það hlutverk. Smári segir að fyrsti vinnudagurinn hans verði ávallt minnisstæður. „Ég hafði verið fararstjóri á skiðamóti á Ítalíu og á mánudegi yfirgaf ég hópinn á flugvellið í Milánó. Þau flugu heim en ég til Kanada þar sem fyrsta þjálfun á vegum fyrirtækisins var að hefjast.“

Smári flutti austur þegar hann hóf störf hjá Fjarðaáli en hann bjó fram að því á Akureyri. Hann er kvæntur Birnu

Dagbjörtu Þorláksdóttur sem er uppalin í Grímsey og þau eiga saman þrjú börn á aldrinum 16-27 ára. Þá hefur eitt barnabarn bæst í hópinn og segir Smári að þeim hjónum þyki ömmu- og afahlutverkið afar skemmtilegt.

Árið 2008 var Smári ráðinn framkvæmdastjóri málmvinnslu en fluttist árið 2015 í stöðu framkvæmdastjóra álframleiðslu svo hann þekkir mjög vel inn á öll framleiðslusvæði fyrirtækisins. Frá 2019 hefur Smári verið framkvæmdastjóri rekstrarþróunar hjá fyrirtækinu og einnig hefur hann verið staðgengill forstjóra. „Það má því segja að ég hafi komið víða við og í gegnum þessi hlutverk hef ég kynnst afar stórum hluta verksmiðjunnar og miklum fjölda starfsmanna. Ég hef á þessum árum verið mjög lánsamur og er gríðarlega þakklátur fyrirtækinu og stjórnendum þess fyrir þau tækifæri sem mér hafa staðið til boða,“ segir Smári.

En hvernig leggst nýja hlutverkið í hann? „Það leggst mjög vel í mig. Við erum að fást við mörg skemmtileg og krefjandi verkefni tengdum mannauði fyrirtækisins sem verður gaman að takast á við með frábærum hópi sérfræðinga teymisins og starfsmanna fyrirtækisins. Ég tek við góðu búi frá forvera mínum Guðnýju Björgu Hauksdóttur og við stöndum framarlega á mörgum sviðum mannauðsmálanna,“ segir Smári. „En samhliða ýmsum breytingum í þjóðfélaginu, fjórðu iðnbyltingunni, breytingum á vinnu- markaði og í umhverfi okkar eru verkefni næg og áskoranir talsverðar á næstu misserum.“

Það er að mörgu að huga í mannauðsmálum hjá alþjóðlegu stórfyrirtæki líkt og Alcoa Fjarðaáli og Smári segir að það allra mikilvægasta sem snýr að þessum málaflokki sé velferð og öryggi starfsmanna. „Við leggjum einnig mikla



Smára finnst mikilvægt að hitta starfsmenn á sínum starfssvæðum og hér spjallar hann við Daniel Gíslason starfsmann kerskála.

áherslu á jafnrétti og fjölbreytni og til til þess að ná árangri á öllum þessum sviðum gegna þjálfun, fræðsla og starfsþróun mikilvægu hlutverki.“ Hjá Fjarðaáli verður haldið áfram að byggja upp jákvæða vinnustaðarmenningu sem stuðlar að helgun og ánægju starfsmanna og Smári segist vera þess fullviss að með því að leggja áherslu á þessa þætti og tengja þá gildum fyrirtækisins sem eru heilindi, árangur, umhyggja og hugrekki, sé grunnurinn lagður að góðum árangri í rekstri Fjarðaáls.

En hvernig skyldi framtíðarsýn Smára vera fyrir fyrirtækið Alcoa Fjarðaáls? „Ég sé fyrir mér að Fjarðaál muni eflast og dafna á næstu árum og verða leiðandi á mörgum sviðum. Við erum komin yfir fermingaraldurinn og ætlum okkur að verða ábyrg, framsýn og skapandi á fullorðinsárunum. Ég sé fyrir mér að við munum auka samkeppnishæfni okkar og ná framúrskarandi árangri þar sem hagsmunir starfsmanna, samfélagsins hér fyrir austan og hagkerfis okkar Íslendinga muni fara saman. Og ekki síst sé ég fyrir mér að mannauður okkar verði lykillinn að þessum árangri og góðri og bjartri framtíð Alcoa Fjarðaáls,“ segir Smári.



Audi e-tron GT

NÝI E-TRON GT FRÁ AUDI SKARTAR BYLTINGARKENNDRI NÝSKÖPUN FRÁ ALCOA

Audi e-tron GT verður fyrsta ökutækið sem byggir á þeirri nýju tækni sem Alcoa fann upp og hún lagði grunninn að samstarfsverkefninu ELYSIS.



Í lok mars undirritaði Alcoa samning um sölu á felgum úr sjálfbæru áli fyrir nýja Audi e-tron GT bílinn sem er fyrsti sportbíllinn frá Audi eingöngu knúinn rafmagn.

Felgurnar sem viðskiptavinur Alcoa, RONAL GROUP, framleiðir, verða gerðar úr blöndu af áli sem framleitt er með ELYSIS™ framleiðslutækninni og hefur engan kolefnisútblástur í för með sér, ásamt lággölefnu EcoLum™ sem hefur 3,5 sinnum minna kolefnisfótspor en gengur og gerist í álíðnaðinum. Samkvæmt samningnum verður Audi e-tron GT fyrsta ökutækið sem byggir á þeirri nýju tækni sem Alcoa fann upp og hún lagði grunninn að samstarfsverkefninu ELYSIS.

Alcoa fagnar þessum tímamótum í þeirri viðleitni fyrirtækisins að bjóða upp á sjálfbærar állausnir fyrir heimsmarkað-

inn. Ein af hinum fjórum meginstoðum í helsta stefnumáli fyrirtækisins, að sækja fram á sjálfbæran hátt, er að mæta aukinni eftirspurn eftir áli sem framleitt er með minna kolefnisfótspori, en það er krafa sem drifin er af almenningi til þess að berjast gegn loftslagsbreytingum.

Fyrirtækið hefur stigið mörg stór skref til að komast í þá stöðu að geta sinnt þessari eftirspurn, m.a. með vörumerkinu SUSTANA™ sem býður upp á viðtækustu vörulínu sem fyrirfinnst af sjálfbærum vörum í álíðnaði.

Hvað framtíðina varðar mun Alcoa halda áfram að finna upp nýjar leiðir til þess að auka sjálfbærni í álframleiðslu en þær eru meðal annars sjálfbær námuöflun, súrálsl- og álvinnsla með minnkuðu kolefnisspori.

Ásgrímur Sigurðsson

ÁSGRÍMUR SIGURÐSSON VALINN Í FAGRÁÐ HJÁ HR

Fagráðin hafa aðkomu að þróun náms við deildina og eiga að tryggja að námið svari þörfum atvinnulífsins.

Fyrr á þessu ári var Ásgrímur Sigurðsson framkvæmdastjóri viðhalds og áreiðanleika hjá Fjarðaáli beðinn um að taka sæti í fagráði vél- og orkusviðs innan iðn- og tæknifræðideildar HR. Fagráðin hafa aðkomu að þróun náms við deildina og eiga að tryggja að námið svari þörfum atvinnulífsins svo fyrirtæki fái til sín útskrifaða nemendur með þá þekkingu sem krafist er í nútíma starfsumhverfi.

Ásgrímur er í grunninn menntaður rennismiður en útskrifaðist sem vél- og orkutæknifræðingur frá HR árið 2008 svo hann þekkir vel til skólans. Það er mikilvægt fyrir stóran vinnustað eins og Fjarðaál að eiga gott samtal við háskólaumhverfið og því gott að eiga fulltrúa í nefndum sem þessari.

Í viðtali sem birtist í á fréttavefnum Vísi þann 6. maí sl. ræddi blaðamaður m.a. við Ásgrím um skort á framboði varðandi þá grein tæknimenntunar á Íslandi sem snýr að áreiðanleika viðhalds.

Ásgrímur segir í viðtalinu: „Við hjá Fjarðaáli höfum verið að senda fólk frá okkur til útlanda í svona nám en auðvitað væri hentugra fyrir alla aðila ef námið væri aðgengilegt hér á landi. Því er mikilvægt að koma þessum fögum inn í tæknifræðinám hér. Það nám er nú þegar sterkt grunnur enda er það mjög praktískt og hefur verið eftirsótt af iðnaðarmönnum til framhaldsmenntunar.“

Þá segir Ásgrímur mikilvægt að horfa til þeirra faga sem atvinnulífið vantar. „Þess vegna er þetta samtal milli háskólasamfélagsins og atvinnulífsins svo mikilvægt. Við þurfum að tryggja að það sé gott flæði þarna á milli svo háskólarnir séu að skila af sér fólki sem er tilbúið að takast á við þau mikilvægu verkefni sem bíða þeirra hjá fyrirtækjunum.“

Um þessar mundir skoðar Menntamálaráðuneytið að setja upp háskólasetun á Austurlandi í samvinnu við Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík. Tæknifræðimenntun yrði þá áhersla hjá setrinu. Alcoa Fjarðaál fagnar að það samstarf sé komið á og að Ásgrímur sitji nú í fagráði HR.



Sigrún Birna Björnsdóttir

MARKMIÐ ÞURFA AÐ VERA RAUNHÆF OG SÉRTÆK

Sigrún Birna hefur aðstoðað starfsfólk
Fjarðaáls við að setja sér markmið svo þau
séu skýr og raunhæf.

Sigrún Birna Björnsdóttir, fræðslustjóri hjá Alcoa Fjarðaáli
hefur unnið með starfsmönnum fyrirtækisins að mark-
miðasetningu síðastliðin ár, bæði vinnutengd og persónu-
leg. Við tókum Sigrúnu Birnu tali til þess að fræðast meira
um markmiðasetningu.

Kennari í draumastarfi

Sigrún Birna er Reyðfirðingur en hún fluttist til höfuð-
borgarsvæðisins til þess að mennta sig. Þegar Alcoa
Fjarðaál hóf rekstur flutti hún aftur á heimaslóðir og hóf
störf í mannauðsteymi Fjarðaáls í júní 2011. Hún kveðst vera
mjög ánægð í starfi sínu, sem er fjölbreytt og býður upp á
ýmsar áskoranir. Sérstaklega hefur hún gaman að því að
kenna en hún er kennaramenntuð. Hún hefur nýlengið meist-
aranámi í mannauðsstjórnun hjá H.R. meðfram starfinu hjá
Fjarðaáli.

Aðspurð að því hvernig kennslan í markmiðasetningu kom
til, segir Sigrún Birna að hún hafi fengið verkefni í hendurnar
frá móðurfyrirtæki Alcoa árið 2012 að kenna svokallaða
„fjögur E og P“ markmiðasetningu. Það fólst í því að fast-
launafólk ætti að setja sér markmið á hverju ári og fylgja því
eftir. „Þetta var alveg glænýtt efni sem ég fékk í hendurnar
og fólk var að koma til mín og biðja mig um að hjálpa sér að
setja sér markmið. Og þegar ég fór að setjast niður með
fólki áttaði ég mig á því að það er ekki það sama markmið
og markmið og í kjölfarið fór ég í nám í markþjálfun.

Um hvað snýst markmiðasetningin? „Í stuttu máli myndi ég
segja að markmiðasetning snúist um það að vinna að ein-
hverju markmiði sem þig langar til þess að ná og gera það
með skynsömum hætti. Þú vilt komast að einhverju marki,

komast lengra og þróa eitthvað og markmiðasetningin
styður mann í þeirri vegferð“, segir Sigrún Birna.

Markmið þurfa að vera raunhæf

Hvað er mikilvægast að hafa í huga þegar fólk byrjar að
setja sér markmið? „Númer eitt: það mikilvægasta er að
hafa markmiðið raunhæft. Það er svo ótrúlega algengt
að við setjum okkur ofboðslega metnaðarfull markmið,
kannski mörg í einu og erum svo gapandi hissa að við náð-
um þeim ekki“, segir Sigrún Birna. Hún nefnir sem dæmi um
óraunhæft markmið að einhver ætli „að koma sér í betra
form“ sem hún segir að sé mjög teygjanlegt. Hún segir
að ef einhver kæmi til hennar og segðist ætla í ræktina



Sigrún aðstoðar starfsfólk Fjarðaáls við að setja sér skýr
og raunhæf markmið.



Sigrún Birna hefur komið sér upp vinnuaðstöðu heima í heimsfaraldrinum.

á hverjum einasta degi, þá myndi hún spyrja viðkomandi
hvað hann eða hún hreyfi sig oft á mánuði eins og stendur.
Ef svarið væri kannski „aldrei“ þá myndi hún stinga upp á að
byrja á því að hreyfa sig aðeins einu sinni í viku, eða jafnvel
2-3 sinnum í viku. Sigrún segist vera hrifin af því að setja sér
lítil markmið: „Maður nær aldrei að standa við óraunhæf
markmið, en það er hægt að endurskoða lítil markmið eftir
smá tíma. Hvernig borðar maður fíll? Maður borðar einn og
einn bita í einu.“

SMART aðferðafræði fyrir markmiðasetningu
Aðspurð að því hvort sama aðferðafræðin liggi að baki
persónulegum markmiðum og svo vinnumarkmiðum
segir Sigrún Birna að svo sé: „Það er oft talað um SMART
markmiðasetningu. SMART stendur fyrir að þau séu sértæk
- að koma sér í betra form er ekki sértækt. Hvað ætla ég
nákvæmlega að gera? M stendur fyrir mælanlegt og snýst
um að búa sér til mælikvarða, helst sýnilega. A er fyrir
aðgerðamiðað. Það er miðjan í þessu, að við séum með að-
gerðir sem styðja við markmiðið. Hvað ætlum við að gera?
R er raunhæft. T er tímasett, það er að setja sér einhvern
tímaramma.“

„Það nýjasta er í þessum málum að segja, á ensku BE
SMART“, segir Sigrún Birna. B stendur fyrir ‘benefits’ á

ensku eða þann ávinning sem ég hlýt með því að vinna að
markmiðinu. E er fyrir emotions á ensku, hvernig líður mér
þegar ég næ markmiðinu? Þegar kemur að persónulegum
markmiðum þarf fólk að líta inn á við og virkilega velta
fyrir sér: Hvers vegna vil ég ná þessu markmiði? Er þetta
vegna minna gilda eða er ég að elta einhverja tísku-
strauma?“

Er eitthvað sem allir eiga sameiginlegt þegar kemur að
því að ná markmiðum eins ólík og þau geta verið? „Það
sem við eigum öll sameiginlegt er að við þurfum einhvers
konar stuðning“, segir Sigrún Birna. „Stuðningurinn getur
falist í því að vera hluti af einhvers konar hópi þar sem fólk
styður hvort annað í að ná markmiðunum, ekki síst þegar í
harðbakkann slær.“

Er þetta ekki líka mikilvægt þegar kemur að vinnutengd-
um markmiðum? „Jú, það er mikilvægt að hafa einhvern
félagasem þú getur leitað til þegar þér finnst þú ekki
vera að standa þig varðandi vinnumarkmiðin líkt og þau
persónulegu. Það er ekki að ástæðulausu að teymisvinna
er almennt talin virka best. Með henni náum við að draga
fram hið besta í hvert öðru, styðjum við veikleikana og efla
styrkleikana.“

Hlöðver Hlöðversson

FJÓRÐA IÐNBYLTINGIN HEFUR HAFIÐ INNREIÐ SÍNA HJÁ FJARÐAÁLI

Hlöðver Hlöðversson, verkefnastjóri fjárfestinga hjá Fjarðaáli, tekur saman stærstu verkefnin framundan hjá fyrirtækinu.

Flest fyrirtæki hafa haldið að sér höndum hvað varðar umbætur, nýbyggingar og breytingar á meðan heimsfaraldur kórónuveiru gengur yfir. Á þessum erfiðu tímum hefur Alcoa Fjarðaál t.d. ekki ráðist í slík verkefni, þar sem kringumstæður hafa verið óhagstæðar. Framleiðslugeta margra birgja hefur verið takmörkuð á sama tíma og flutningskostnaður hefur hækkað gríðarlega.



Nú brú sem verið er að setja upp og prófa.

Áratugur frá síðustu stórframkvæmdum

Þann 9. júní árið 2012 var vígð ný kersmiðja hjá Fjarðaáli. Heildarkostnaður við það verkefni voru um 4,6 milljarðar króna og hún skapaði um 40-50 ný störf. Síðan þá hefur verið ráðist í ýmsar framkvæmdir en ekki af þessari stærðargráðu, bæði vegna lágs álverðs og svo heimsfaraldursins. Nú er hagurinn hins vegar tekinn að vænkast og fyrirtækið hyggst ráðast í nokkur mismunandi stór verkefni á næstu tveimur árum. Gerð hefur verið ný áætlun vegna þeirra, bæði hvað varðar tíma, kostnað og mönnun og síðast en ekki síst: umhverfi, heilsu og öryggi sem eru eins og ávallt forgangsmál hjá Alcoa.

Við báðum Hlöðver Hlöðversson, sem er verkefnastjóri fjárfestinga hjá Fjarðaáli, að taka saman stærstu verkefnin framundan fyrir lesendur Fjarðaálsfréttu og lýsa þeim.

Meiri hagræðing og aukinn stöðugleiki

„Eitt af stóru verkefnunum sem við höfum verið að vinna í var að útbúa sérhannaðar brýr til þess að tengja við straumleiðarann í kerskála,” segir Hlöðver og bætir við að flóknar viðgerðir á leiðurum í segulsviði verði framkvæmdar án þess að þurfa að rjúfa strauminn af kerskála. „Stöðugleiki í kerskála er lykilatriði til þess að ná árangri og því mikilvægur áfangi að þurfa ekki að raska stöðugleikanum með miklum straumsveiflum,” segir hann. Þess má geta að með stöðugleika eru ekki aðeins háværkuð góð vinnubrögð, heldur gegnir stöðugleiki mjög stóru hlutverki til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Hlöðver segir: „Einnig er búið að festa kaup á nýjum bíl sem mun sjá um áfyllingu flúors á kerin í kerskála og léttir



Hlöðvar Hlöðversson er verkefnastjóri fjárfestinga segir mörg spennandi verkefni eru í farvatninu.

þar með undir brúarkrönunum. Billinn verður afhentur á næsta ári. Brúarkranarnir eru stórir og voldugir og því felst sparnaður í því að nota frekar þennan bíl.

Viðgerðir á straumleiðara fara á fullt skrið fljótlega, eða upp úr áramótum að sögn Hlöðvers, og þá munu jafnframt verða framkvæmdar umfangsmiklar viðgerðir á gólfum í kerskála allt næsta ár.

Fjórða iðnbyltingin

Að sögn Hlöðvers er Fjarðaál stórhuga í að gera góðan vinnustað enn betri. „Árið 2022 verður stórt þegar kemur

að fjárfestingum og það stærsta í um tíu ára skeið. Verkefnin eru af ýmsum toga og umfang þeirra verður um tveir milljarðar. Fjórða iðnbyltingin hefur hafið innreið sína hjá Fjarðaáli og víða er verið að undirbúa og innleiða lausnir með aukinni sjálfvirknivæðingu. Innan skamms munum við sjá meira af gervigreind, myndgreiningu og róbótum í verksmiðjunni til þess að létta verkin og staðla verklag. Undirbúningur við innleiðingu sjálfkeyrandi ökutækja er hafinn og spennandi tækifæri þar framundan sem við sjáum verða að veruleika á næstu misserum.”

Flottar fyrirmyndir

KONUR Í VERK- OG TÆKNIFRÆÐI

Í gegnum tíðina hefur talsvert hallað á konur þegar kemur að störfum í verk- og tæknifræðitengdum greinum. Hjá Fjarðaáli starfa flottar fyrirmyndir kvenna í þessum geira og við fengum nokkrar þeirra í stutt spjall. Við hvetjum ungar konur sem eru að velta fyrir sér náms- og starfsvali að kynna sér greinar á sviði verk- og tæknifræði en tækifærin á þessum sviðum fara bara vaxandi.



Erna Guðrún Þorsteinsdóttir

Starfstitill:

Verkfræðingur í álframleiðslu. Stærsta verkefnið sem ég er að vinna að núna er að undirbúa stóra viðgerð á leiðarakerfinu okkar á næsta ári.

Hvað ertu búin að vinna lengi hjá Alcoa Fjarðaáli:

Ég byrjaði sem framleiðslustarfsmaður í sumarstarfi árið 2014. Vann svo með skóla en byrjaði sem verkfræðingur í álframleiðslu árið 2019.

Í hvaða háskóla gekkstu og hver er námsgráðan þín:

BSc í vélaverkfræði við Háskóla Íslands og svo mastersnám í Materials and Manufacturing Engineering við DTU.

Hvað er það besta við að vinna hjá Alcoa Fjarðaáli:

Áhugaverð verkefni og góðir samstarfsfélagar.

Hvaða ráð vilt þú gefa ungum verkfræðinimum:

Finndu góðan félagsskap til að læra með.

Hvers vegna valdir þú þetta nám:

Ég byrjaði í íslensku en saknaði raunvísindagreina. Ákvað því að prufa að fara í verkfræði og fannst það gaman.



Hekla Kolka Hlöðversdóttir

Starfstitill:

Í dag er ég framleiðslusérfræðingur í tækniteymi steypuskála. Mín helstu verkefni snúa að tæknimálum á HDC steypuvélinni. Þar sé ég um breytingaverkefni, umbætur, framleiðslumælikvarða, vinnulýsingar, framtíðarplön og fleira.

Hvað ertu búin að vinna lengi hjá Alcoa Fjarðaáli:

Fimm ár, sum þeirra var ég í sumarvinnu með skóla. Ég byrjaði hjá Fjarðaáli sem sumarstarfsmaður í áreiðanleikateyminu, var svo framleiðslusérfræðingur í skautsmiðjunni áður en ég fór í starfið sem ég er í núna.

Í hvaða háskóla gekkstu og hver er námsgráðan þín:

Ég tók BSc í vélaverkfræði hjá Háskóla Íslands og svo MSc í rekstrar- og nýsköpunarverkfræði við Álaborgarháskóla í Danmörku.

Hvað er það besta við að vinna hjá Alcoa Fjarðaáli:

Fjölbreytt verkefni og nýjar áskoranir á hverjum degi.

Hvaða ráð vilt þú gefa ungum verkfræðinimum:

Þú þarft ekki að vita allt áður en þú sækir um starf. Þú munt læra eftir því sem framvindur svo verið óhrædd við að sækja um!

Hvers vegna valdir þú þetta nám:

Ég valdi verkfræði því ég vildi hagnýtt og krefjandi nám sem myndi bjóða upp á fjölbreytta möguleika í framtíðinni. Hef alltaf hallast meira að raungreinum og áhugasviðið benti til náms í heilbrigðisgeiranum eða verkfræði. Ákvað að velja frekar verkfræðina og hafa möguleikann á því seinna að þróast í átt að heilbrigðisverkfræði, sem ég hef þó ekki gert ennþá.



Valgerður Yngvadóttir

Starfstitill:

Framleiðslusérfræðingur í tækniteymi kerskálans en hef einnig starfað sem áreiðanleikasérfræðingur. Helstu verkefni mín í dag snúast um svokallað QLC stýrikerfi, rafgreiningarvinnu og rekstur kera.

Hvað ertu búin að vinna lengi hjá Alcoa Fjarðaáli:
Í fimmtán ár.

Í hvaða háskóla gekkstú og hver er námsgráðan þín:
Ég er menntaður rafmagnstækni-fræðingur frá Ingenior-hojskolen Odense Teknikum í Danmörku.

Hvað er það besta við að vinna hjá Alcoa Fjarðaáli:
Að takast á við áskoranirnar sem mæta mér á hverjum degi og að sjálfsögðu allt ólíka og skemmtilega fólkið sem ég hitti.

Hvaða ráð vilt þú gefa ungum verkfræðinimum:
Veldu þér starf sem er innan þíns fagsviðs, þér finnst áhuga-vert og passar við þinn persónuleika.

Hvers vegna valdir þú þetta nám:
Mér finnst tækni mjög spennandi og er mjög forvitin um hvernig hlutirnir virka. Þess vegna valdi ég rafmagnstækni-fræði í lágspennu.



Freyja Viðarsdóttir

Starfstitill:

Framleiðslusérfræðingur í tækniteymi kerskálans þar sem ég er m.a. ábyrg fyrir því að stýra hitanum í skálanum og passa upp á raflausnarhæð og stýringu á þekjustöðvum kerskálans.

Hvað ertu búin að vinna lengi hjá Alcoa Fjarðaáli:
Í tvö og hálf ár.

Í hvaða háskóla gekkstú og hver er námsgráðan þín:
Ég lærði efnaverkfræði við Háskóla Íslands

Hvað er það besta við að vinna hjá Alcoa Fjarðaáli:
Fjölbreyttur hópur fólks sem stendur saman í því að leysa vandamálin sem upp koma og líka að fá að axla ábyrgð ef þú leitast eftir því.

Hvaða ráð vilt þú gefa ungum verkfræðinimum:
Ekki gleyma því að það er ástæða fyrir því að við viljum fjárfesta í framtíðarhæfileikum – þessir hæfileikar kunna að vera einmitt það sem þú býrð yfir.

Hvers vegna valdir þú þetta nám:
Efnafræði var alltaf uppáhalds fagið mitt í skóla og að vinna í teymi og stýra verkefnum er eitthvað sem ég hef alltaf haft gaman að.

Jafnréttisvísir Empower

FJARÐAÁL STÓÐ FYRIR FUNDUM UM JAFNRÉTTISMÁL FYRIR STARFSMENN

Fundirnir heppnuðust vel og starfsfólk tók virkan þátt í umræðum og verkefnavinnu.

Á tímabilinu 16 – 24. mars voru haldnir fimm fundir hjá Fjarðaáli þar sem umfjöllunarefnið var jafnréttismál. Fundirnir voru liður í innleiðingu á Jafnréttisvísi sem alþjóðlega ráðgjafafyrirtækið Empower hefur sérhæft sig í að liðsinna fyrirtækjum að innleiða.

Jafnréttisvísir er stefnumótun og vitundarvakning í jafnréttismálum, byggð á sannreyndum aðferðum sem ætlað er að meta stöðu jafnréttismála út frá ítarlegri greiningarvinnu, koma á breytingarverkefnum til að bæta stöðu jafnréttismála og innleiða þau.

Fjarðaál hóf þessa innleiðingu í byrjun árs 2020 en tafir urðu á framgangi verkefnisins vegna COVID. Fundirnir sem náðist að halda einmitt þegar COVID hélt sig til hlés í mars áttu upphaflega að fara fram vorið 2020. En það kom þó ekki að sök, fundirnir fimm sem fram fóru í Valaskjálfi í tveimur aðskildum sóttvarnarhólfum heppnuðust vel og starfsfólk tók virkan þátt í umræðum og verkefnavinnu. Afrakstur fundanna varð aðgerðaáætlun sem fyrirtækið vinnur nú samkvæmt. Yfir 500 umbótahugmyndir fæddust á fundunum.



Starfsfólk mátaði sig í ný hlutverk á fundinum í skemmtilegri æfingu.

Þórey Vilhjálmsdóttir stýrði fundunum en hún er einn af eigendum Empower.



Bríet Sigurjónsdóttir og Bergur Ágústsson

FARFUGLARNIR HJÁ FJARÐAÁLI

Á hverju vori fyllast kerskáli, steypuskáli og skautsmiðja af ungu fólki sem er komið til að vinna yfir sumarið.



Bríet, sem er lengst til vinstri á myndinni, með hópi vinnufélaga að gæða sér á kælandi frostpinnum á góðvirkisdegi í sumar.

hvað þetta er fjölbreytt vinna og hvað ég er að vinna með skemmtilegu fólki.“ Aðspurður hvað sé það erfiðasta við vinnuna, segir hann: „Hoppvaktirnar eru sennilega það erfiðasta.“ Með hoppvakt á Bergur við þegar aðeins átta tímar eru milli vakta sem gerist tvisvar í hverri vaktalotu þegar skipt er milli nætur- og kvöldvakta annars vegar og kvöld- og dagvakta hins vegar.

Tviburabróðir á annarri vakt

Á veturna stundar Bergur nám til stúdentsprófs í Menntaskólanum á Egilsstöðum. „Ég veit ekki alveg hver framtíðaplönin eru,“ segir hann, „en ég á eftir sennilega að mennta mig eitthvað meira og koma svo alltaf í álverið í á sumrin.“

Í sumar fór hitinn á Reyðarfirði oft upp fyrir 20 stig og þá getur vinnuumhverfið orðið heitt. Bergur segist glíma við hitaálagið með því að drekka vatn mjög reglulega. Hann segir stemninguna mjög góða á vaktinni sinni. Aðspurður hvort hann eigi fjölskyldumeðlim hjá Fjarðaáli segir hann að tviburabróðir hans, Eysteinn Ágústsson, sé á B-vaktinni í steypuskála. Að lokum spyrjum við: Hvernig myndir þú lýsa vinnustaðnum Alcoa Fjarðaáli? „Ég myndi lýsa honum sem skemmtilegum og fjölbreyttum vinnustað,“ svarar hann.

Opnað verður fyrir umsóknir um sumarstörf í febrúar á nýju ári, fylgist endilega með því og sækið um spennandi störf á skemmtilegum vinnustað.



Bergur Ágústsson ætlar að vinna í álverinu næstu sumrin.

Á hverju vori, þegar skólaárinu lýkur, fyllast kerskáli, steypuskáli og skautsmiðja Fjarðaáls, ásamt fleiri stöðum á álverssvæðinu, af ungu fólki sem er komið til að vinna yfir sumarið á meðan fastir starfsmenn taka sér frí og góða hvíld. Sumir þessara tímabundnu starfsmanna hafa snúið aftur ár eftir ár eins og farfuglar og jafnvel komið í fullt starf að loknu stúdentsprófi eða háskólanámi. Við tókum tvo af þeim starfsmönnum sem unnu hjá Fjarðaáli í sumarstarfi þetta árið tali til að kynnast þeim, draumum þeirra og væntingum. Annar þeirra er „farfugl“ en hinn er að vinna í fyrsta skipti hjá Fjarðaáli, annar er karlmaður og hinn er kona. Þess má geta að hlutfall kvenna í hópi sumarstarfsmanna er yfirleitt mun hærri (eða um 50%) en í hópi fastra starfsmanna þannig að líkurnar aukast á því að Fjarðaáli takist að ná því takmarki sínu að hafa hlutfallið jafnt milli kynjanna.

Fólkið er það besta við vinnuna

Bríet Sigurjónsdóttir gegnir stöðu framleiðslustarfsmanns á E-vakt í kerskála og þetta var hennar fyrsta sumar hjá Fjarðaáli. Foreldrar hennar, Sigurjón Rúnarsson og Kristborg Bóel Steindórsdóttir hafa reyndar báðir unnið hjá fyrirtækinu en þau eru farin í önnur störf. Stjúp móðir hennar, Rebekka Rán Egilsdóttir, er öryggisstjóri Fjarðaáls.

Um ástæðuna að baki því að Bríet hafi ákveðið að vinna í álverinu í sumar, segir hún að það sé vegna góðra tekjumöguleika og einnig að margir af vinum hennar séu að vinna þar. Hvað finnst henni best við vinnuna hjá Fjarðaáli? „Fólkið er án efa það skemmtilegasta við vinnuna,“ segir hún afdráttarlaust. „Stemningin er mjög góð og allt fólkið sem

ég vinn með er frábært.“ Og hvað finnst henni erfiðast? „Það getur verið erfitt að vinna í miklum hita, og eins og í flestum störfum þá tekur tíma að venjast svona líkamlegri vinnu.“ Það er eflaust mikil breyting að fara úr kyrrsetuvinnu eins og nám getur verið í það að ganga fleiri kílómetra á dag. Hvað hitann varðar og aðgerðir til að gæta að hitaálagi, segist Bríet reyna eins og hún getur að drekka nægilega mikið af vatni og taka góð hlé annað slagið til að ná hitanum aðeins niður. „Síðan er líka frábært að hægt sé að fá sér frostpinnu inn á milli,“ segir hún.

Skemmtilegur og jákvæður vinnustaður

Bríet hefur lagt stund á nám í Menntaskólanum á Egilsstöðum og útskrifaðist þaðan með stúdentsgráðu í maí. Hvað framtíðina varðar segist hún óákveðin en ætlunin sé að vinna hjá Fjarðaáli til áramóta og fara síðan í áframhaldandi nám og ferðast eins og hún getur.

Fjölbreytt vinna og skemmtilegt fólk

Bergur Ágústsson vann í sumar sem framleiðslustarfsmaður á C-vakt í steypuskála. Þetta er annað sumarið hans svo hann er einn af farfuglunum og hyggst snúa aftur næsta sumar. Hann var einnig að vinna hjá Fjarðaáli um jólin og páskana. Um ástæðu þess hvers vegna hann valdi að koma og vinna hjá Fjarðaáli í sumar segir hann: „Ég var búinn að heyra góða hluti þannig ég ákvað bara að prófa og sé ekki eftir því.“

Bergur er sammála Bríeti að samstarfsfólkið skipti miklu máli, þegar hann svarar spurningunni um hvað sé skemmtilegast við vinnuna. „Það skemmtilegasta er sennilega

LED lýsing

BREYTT LÝSING BÆTIR STARFSUMHVERFIÐ HJÁ FJARÐAÁLI

Núna er stórt verkefni í gangi hjá Fjarðaáli með því markmiði að skipta smám saman yfir í LED lýsingu.

Flest okkar hafa orðið vör við það að gömlu glóperurnar og flúorljósin eru að hverfa af markaði og þess í stað notuð LED lýsing sem hefur ýmsa kosti fram yfir gömlu ljósin og þá sérstaklega frá umhverfisverndarsjónarmiði séð. Vinnustaðalýsing skiptir miklu máli fyrir fólk sem er allan daginn baðað í lýsingu sem ýmist getur aukið eða dregið úr vellíðan þess. Flúorljós gefa frá sér útfjólubláa geislun og breyta henni í sýnilegt ljós með hjálp fosfórs í perunni. LED ljósin eru að ýta gömlu natríum, flúor og málmalogen ljósunum út úr iðnaðarflórunni og í raun líka að yfirtaka allt sem glóperur og sparperur gerðu áður. Hjá Fjarðaáli er núna stórt verkefni í gangi með því markmiði að skipta smám

saman yfir í LED lýsingu en stórum áfanga verkefnisins lýkur á næsta ári þegar klárað verður að skipta um öll ljós í kerskála álversins.

Dýrasti vinnupallur í heimi?

Aðspurður að því hvers vegna það er verið að skipta út ljósum í álverinu segir Jón Garðar Helgason, umsjónarmaður lággspennu hjá Fjarðaáli: „Það er orðið erfitt að fá varahluti í gömlu ljósin og þau eru frek á viðhald. Í kerskála til dæmis þarf að nota svokallaða PTM krana til að komast í ljósin og það er dýr stillans að nota fyrir viðgerðir á lýsingu. Skermarnir á gömlu ljósunum verða fljótt óhreinir



Munurinn milli gömlu lýsingunnar (t.h.) og þeirrar nýju (t.v.) er mjög skýr.

og þá minnkar nýtni ljósanna mjög hratt. Á LED ljósunum er ekki skermur heldur gler sem vísar beint niður og það ætti að vera lengur að falla á sléttan flöt sem snýr beint niður.“

Af hverju er LED lýsing betri en þessi hefðbundna flúorlýsing sem nú er? „LED er með miklu betri litarendurgjöf sem þýðir að það eru mun fleiri litir sem ljósið gefur frá sér heldur en natríum ljós sem er víðast hvar að finna hér“, segir Jón Garðar. „Natríum ljósin hafa alltaf þótt mjög nýtin og góð ljós en þeirra galli er guli liturinn í þeim. Með því að skipta þá fáum við ljós með tíu ára ábyrgð.“

LED ljósin umhverfisvænni en þau gömlu

„Almennt er álitnið að orkusparnaður sé umhverfisvænn. Þarna er þó svolítið tveggja sverð á lofti því stærsti galli LED ljósa út frá umhverfissjónarmiðum er sá að þegar ljósið hefur lokið líftíma sínum er það ónýtt og því er skipt út fyrir nýtt. Gömlu ljósin okkar eru ekkert saklaus heldur með þetta því það er mikið af búnaði sem þarf að endurnýja reglulega í þeim og í ákveðnum gerðum af perum er að finna kvikasílfur sem þykir ekki náttúruvænt efni. Ljósinn sem við erum að kaupa eru að miklu leyti smíðuð úr áli sem er auðvelt að endurnýta og hver sá búnaður sem hefur góða endingu er í eðli sínu umhverfisvænn“, segir Jón Garðar.


LED ljósin eru líka væn fyrir vinnuumhverfið að sögn Jóns Garðars. „Góð lýsing skiptir miklu máli við að búa starfsfólki öruggt vinnuumhverfi og sérstaklega í umhverfi eins

og okkar þar sem margt ber að varast. Munurinn á gömlu ljósunum og þessum er mjög mikill og fólki líður betur í bjartara umhverfi.“

Hvað með kostnaðinn?

Aðspurður um hugsanlegan sparnað segir Jón Garðar að sparnaðurinn á hans vinnusvæði liggi að mestu leyti í minna viðhaldi. „Ef við setjum upp ljós sem þarf ekki að sinna neitt í tíu ár er það gríðarlegur sparnaður, miklu meiri en sá orkusparnaður skilar okkur sem er þó auðveldara að reikna út og sýna fram á.“ Hann bendir á samstarfsmann sinn, Bríeti Ósk Moritz Hjörvarsdóttur, sem skrifaði lokaverkefni í raðfræði við HR um orkustýringu og orkunýtni Alcoa vegna innleiðingar ISO 50001:2018. „Það er mikill fróðleikur um lýsingu og þessi útskipti okkar þar.“

Í lokin spyrjum við Jón Garðar um viðbrögð fólks sem vinnur í þessari lýsingu. Hann svarar: „Ég hef unnið markvisst að því að reyna að fá fólk til að benda mér á gallana við hana því útskiptin eru dýr. Það eru gallar við LED lýsingu sem þarf að passa upp á en þau eru mjög stefnuvirk sem getur valdið því sem heitir glýju, eða ofbirtu með því að horfa í áttina að ljósunum. Ég hef ekki fengið neinn til að hallmæla þessari lýsingu þrátt fyrir þessar tilraunir að einni ungri konu undanskilinni en hún sagði það galla að þurfa lengri tíma í að mála sig áður en hún mætti í vinnuna af því að lýsingin er orðin svo góð.“



Hér má sjá mynd af LED ljósi.

ALCOA FJARÐAÁL STYRKIR HVATAVERKEFNI TIL AÐ EFLA HÁSKÓLAMENNTUN Á AUSTURLANDI

Alcoa Fjarðaál og Alcoa Foundation styðja vel við bakið á nýju háskólasetri sem er verið að byggja upp á Austurlandi.



Bjarni Þór Haraldsson er kampakátur yfir árangri samvinnuverkefnisins.

Í byrjun júní var undirritaður samningur milli tveggja háskóla, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri, fimm fyrirtækja á Austurlandi, þar á meðal Alcoa Fjarðaáls, og Austurbrúar. Samningurinn felur í sér styrki til efnilegra nemenda í nýrri háskólabraut á Austurlandi. Í haust ákvað samfélagssjóður Alcoa einnig að veita háskólaeverkefninu á Austurlandi styrk að upphæð 100.000 bandaríkjadalir sem samsvara rúmum 13 milljónum króna á núverandi gengi.

Mörg lítil skref og loks tímamót

Þrátt fyrir að háskólum á Íslandi hafi fjölgað á síðustu árum og þeir sameinaðir sem sérhæfa sig í landbúnaði, íþróttum, listum o.fl., hefur verið takmarkaður möguleiki fyrir nemendur á Austurlandi að stunda nám á staðnum þar sem enginn háskóli er staðsettur í þessum landshluta. Fyrir nokkrum árum hóf Alcoa Fjarðaál ásamt öðrum fyrirtækjum og stærstu sveitarfélögum á Austurlandi viðræður um samstarf við tvo háskóla, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri, um aukin tækifæri á tæknisviðum fyrir nemendur á Austurlandi. Báðir háskólarnir bjóða upp á fjölbreytt fjarnámnám en þegar kemur að tæknifræði hafa nemendur þurft að flytja til þéttbýlisins til að sinna verklega hlutanum – og oft snúa þeir ekki aftur til baka að loknu námi. Þar sem bæði Fjarðaál og sjávarútvegurinn þurfa á tæknisérfræðingum að halda leituðu þeir í sameiningu lausna til að halda ungu fólki á svæðinu.

Stórum áfanga var náð þegar menntamálaráðuneytið ákvað í fyrra að bregðast við þessu máli með því að



Frá vinstri: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar, Dagmar Ýr Stefánsdóttir, yfirmaður samskipta og samfélagsmála hjá Alcoa Fjarðaáli, Sigurður Ólafsson verkefnastjóri hjá Síldarvinnslunni, Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík og Eujólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri. Mynd: Austurbrú.

veita verkefnahópi viðurkenningu, en í hópnum var m.a. fulltrúi Alcoa Fjarðaáls, Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri samfélagstengsla. Snemma árs 2021 undirritaði menntamálaráðherra samkomulag um stofnun háskóladeildar á Austurlandi í samvinnu við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri. Stefnt er að því að hefja tækninám á svæðinu haustið 2022.

Hvatningarverkefnið „Glettingur“

Nú þegar styttest í að háskóladeild Austurlands opnar var byrjað á því að bjóða upp á grunnnám í haust fyrir nemendur sem vildu búa sig undir tækninám á háskólastigi en skorti hluta af fornámskeiðum. Til að laða að og hvetja nemendur til að undirbúa sig undirrituðu háskólarnir tveir svokallaðan „Glettings“-samning við Alcoa Fjarðaál og fjögur önnur fyrirtæki, auk Austurbrúar, stofnunarinnar sem mun sjá um og koma til móts við grunnnámið. „Glettingur“ felur í sér árlegan styrk upp á 500.000 íslenskar krónur til 1-2 sigursælustu nemenda ársins. Til að öðlast réttindi verða umsækjendur að hafa lokið náminu á einu ári og hlotið hæstu einkunn.

Bjarni Þór Haraldsson sem vann hjá Alcoa Fjarðaáli ákvað að færa sig um set og gerast verkefnastjóri uppbyggingar háskólanáms á Austurlandi. Hann er mjög ánægður í því starfi: „Það hafa verið forréttindi að starfa með nemendum og starfsfólki HR á hverjum degi“, segir hann. „Samskiptin við HR hafa verið einstaklega góð og gott að finna þann mikla stuðning og velvilja sem ríkir þar í garð námsins hér á Austurlandi.“ Námið fer fram í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði þar sem öll aðstaða er til fyrirmyndar. Um er að ræða staðbundið nám með stafrænum lausnum sem henta vel samfélaginu á Austurlandi. Bjarni segir að þótt námið sé krefjandi hafi nemendur sinnt því samviskusamlega með hjálp tækninnar ásamt staðbundnum stuðningi í verkefna- og dæmatímum. Að lokum segir Bjarni: „Ég er fullur tilhlökkunar að taka þátt í þeirri menntasókn sem á sér stað hér á Austurlandi. Það sem blæs enn frekari kjarki í mig er að sjá gleðina og þakklætið hjá nemendum fyrir að hafa jafnari tækifæri til þess að mennta sig en áður.“

Jaguar Land Rover

SJÖTÍU OG FIMM ÁRA ÞRÓUNARSAGA ÁLJEPPA

Saga Land Rover jeppans er
nátengd áliðnaði.



Hér sést álgrind nýja bílsins.

Sjötíu og fimm ára þróunarsaga Land Rover jeppans er ná- tengd áliðnaði. Jaguar Land Rover samstæðan hefur gengið lengst allra stóru bílaframleiðendanna í því að nýta kosti áls. Núna eru allir Jaguar og Land Rover bílar að langstærst- um hluta úr áli. BL kynnti Íslendingum nýja kynslóð Land Rover Defender jeppa sumarið 2020. Þarna er á ferðinni sterkbyggðasti Land Rover bíllinn hingað til.

Fyrir seinni heimsstyrjöldina framleiddu Rover verk- smiðjurnar lúxusbíla, en í stríðinu hrundi markaðurinn og á eftisstríðsárunum var stál mjög af skornum skammti og eingöngu fánlegt í atvinnutæki og útflutningsafurðir sem sköpuðu Bretum dýrmætan gjaldeyri. Þróun Land Rover jeppans hófst þegar seinni heimsstyrjöldinni lauk og hann var kynntur til sögunnar á bílasýningunni í Amsterdam 1948. Þessi fjórhjóladrifni jeppi var hannaður sérstaklega með landbúnað og léttan iðnað í huga. Grindin var úr stáli

en yfirbyggingin úr áli til þess að spara stál, en á sama tíma var offramboð af flugvélaáli. Litavalið á fyrstu Land Roverunum bar þess einnig merki að flugvélamálning frá hernum fékkst ódýrt. Álnotkunin gerði bíllinn fyrir vikið léttari og endingarbetri og Land Rover hefur allar götur síðan haldið tryggð við ál. Land Rover jeppar hafa notið fá- dæma vinsælda um allan heim og margir af elstu bílunum eru enn ökufærir.

Nýrri kynslóð Land Rover Defender var hleypt af stokkun- um árið 2020. Þetta er fullvaxinn, alvörujeppi með frábæra akstursegginleika jafnt á þjóðvegum sem í torfærum.



Ekki vantar dráttargetuna í Defenderinn. Hérna er hann með Bruder EXP-6 GT torfæruhjólhúsi í togi.



Gamla og nýja kynslóðin.

Stærri gerðin, Defender 110, er fernra dyra og með sæti fyrir allt að sjö manns. Aflmesta vélin er þriggja lítra, sex strokka bensínvél með rafmótor (HYBRID). Vélin skilar 395 hestöflum og kemur bílnum úr kyrrstöðu upp í 100 kílómetra hraða á 5,8 sekúndum.

Defenderinn er með D7X heilt (unitized) burðarvirki og sjálf- berandi yfirbyggingu úr áli. Í samanburði við fyrirrennarann

sem var með skrokk á grind (body on frame) er vindings- stífnin (torsional rigidity) þrisvar sinnum meiri eða 29.000 newton metrar (NM) á gráðu sem þykir reyndar með hreinum ólíkindum. Dráttargeta bílsins er þrjú og hálf tonn og dráttargetuna má nýta með fjarstýrðu dráttarspili. Styrkurinn nær líka upp í þakið þar sem hægt er að hafa grindur sem geta borið nærri 200 kílógrömm af farangri og hægt er að tjalda á þakinu.



Íslenskir jöklar henta nýja Defendernum bærilega sem undirlag.



Gleðilega hátíð

Alcoa Fjarðaál óskar íbúum Austurlands gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári með þökkum fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

Fjarðaál
alcoa.is

